


2. tölublað, 17. árgangur. Desember 2021

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



pípu

lakk

Allt frá hatti oní skó



Hattar

Treflar



Kjólskyrtur



Hátíðavesti (5 hnappa)



Erma- og brjósthappa

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir



Ermahnappar



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Smeygur



Ermahnappar



Lakkskór (ný tegund)



Lindaklemma/
bindisnæla



FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Netfang

ritstjori@frimur.is

Ábyrgðarmaður/YAR

Guðmundur Kr. Tómasson (R&K)

Ritstjóri

Pórhallur Birgir Jóseppson (X)
thorjose@simnet.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (X)
olafurs@granthornton.is

Bragi V. Bergmann (IX)
bragi@fremri.is

Arnar Þór Jónsson (VIII)
Arnar.Thor.Jonsson@domstolar.is

Pétur S. Jónsson (VIII)
pedro@medialux.com

Stefán Einar Stefánsson (VIII)
stefan.e.stefansson@gmail.com

Auglýsingar

Haraldur Haraldsson (IX)
frmrblaid@gmail.com

Örn Geirsson (IX)
oddisteina@gmail.com

Forsíðumynd:

Sólsetur í Grafarvogskirkjugarði.
Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfundar og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“



Ljósmynd Guðmundur Viðarsson

Dýrmætasta gjöfin

Óhjákvæmilegt er að sú spurning vakni meðal frímúrara hve gömul sú hugmyndafræði sé? Hve langt aftur í tímann má rekja hina frímúríska hugsun eins og við þekkjum hana? Og hvers leitum við þegar við reynum að finna svar við þessari spurningu? Kannski er svar að finna í frásögnum sem ýmist eru af Jesú Kristi eða hafðar eftir honum. Dæmisagan af miskunnsama Samverjanum, Korintubríf Páls postula, heilræði Jesú: Elska skaltu náunga þinn eins og sjálfan þig!

Fullyrða má að fyrir tveimur árþúsundum hafi sú hugsun sem tjáð er í þessum tilvitnuðu frásögnum ekki verið ríkjandi. Harka og grimmd voru fremur einkennandi um samskipti manna, afskiptaleysi gagnvart bágstöddum eins og í sögunni um miskunnsama Samverjann. Að elska náungann eins og sjálfan sig var framandi hugsun á þeim tíma. Ef til vill hafði þó fræjum þessa hugarfars verið sáð fyrr, en við þekkjum það fyrst og fremst úr Nýja-Testamentinu þar sem sagt er frá boðskap og kenningum Jesú og fylgjenda hans. Þannig greinir Páll kjarnann í fyrra Korintubræfi þegar hann skrifar um kærleikann og segir: [Kærleikurinn] breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt. Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.

Hvernig sýnum við þá kærleika? Kannski með því að gefa það sem ekki verður keypt neinu verði, tíma okkar! Um jól reynum við að gegna skyldum okkar við okkar nánustu. Hve margir telja þeim skyldum best sinnt með dýrum og áferðarfallægum gjöfum? En gleyma dýrmætustu gjöfinni: Tímanum sem enginn veit hve langan hann hefur?

Við eigum til að týna okkur í stressi við undirbúning jóla, verðum að klára hitt og ljúka þessu, en allt of oft vilja samskiptin verða útundan. Ein systra okkar skrifar hér í blaðið um þetta í grein um hefðir og venjur við jólahald og kemur að því sem mestu varðar þegar hún segir: „Einhver jólin gleymdi ég að sjóða hamborgarhrygginn og fattaði það klukkan fimm. Þessi tiltekni aðfangadagur var sá eftirminnilegasti fyrir þær sakir að það var allt svo notalegt. Við borðuðum þegar maturinn var tilbúinn ...“ og síðar: „Það er eitthvað sem gerist þegar við bregðum út af hversdagsleikanum, allir hjálpast að við að leggja lokahönd á jólamáltíðina, eru í sínu fínasta þússi og kyssa og knúsa hvort annað með ósk um gleðileg jól og við fögnum fæðingu frelsarans, leiðtoga lífsins.“

Við sjáum hér í blaðinu frásagnir sem styrkja trú okkar á hið góða í mannum eins og af bræðrum okkar sem starfa í framlínu baráttunnar gegn vágestinum sem enn herjar á okkur og gerir okkur enn skráveifur, heimsfaraldrinum illræmda. Þessir bræður eru táknmynd starfs okkar: Þeir leggja sig í hættu til að berjast fyrir heill fjöldans, þeirra sem ekki geta sjálfir borið hönd fyrir höfuð sér á þessum vettvangi. Þannig framlengja þeir tíma okkar margra, sem við höfum til að gefa okkar nánustu.

Pórhallur Birgir Jóseppson

Ég er frímúrari



Karl Gústaf Kristinsson, yfirlæknir sjúkla- og veirufræðideildar Landspítalans, Sigurgeir Ómar Sigmundsson, yfirlögregluþjónn á Keflavíkurlflugvelli og Gylfi Þór Þorsteinsson, forstöðumaður farsóttarhúsa Rauða krossins.



2021 (C) MOTIV, JónSEM

Bræður í fremstu víglínu

*eftir Stefán Einar Stefánsson.
Ljósmyndir: Jón Svavarsson.*

Brátt verða liðin tvö ár frá því að kórónuveiran sneri heiminum á hvolf. Samfélagið hefur þurft að takast á við gjörbreyttan veruleika og margir sérfræðingar, úr ólíkum áttum, hafa fengið stærstu verkefni síns starfsferils í fangið – svo til án nokkurs fyrirvara.

Í þeim hópi eru bræður í Frímúrarareglunni. Þrír þeirra settust niður yfir kaffibolla í Regluheimilinu í Reykjavík fyrir skemmstu og ræddu við tíðindamanni Frímúrarans. Það eru þeir Karl Gústaf Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans, Sigurgeir Ómar Sigmundsson, yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli og Gylfi Þór Þorsteinsson, forstöðumaður farsóttarhúsa Rauða krossins.

Ég er frímúrari

Árið 2020 hófst eins og hvert annað ár að flestu leyti en skyndilega fóru að berast óljósar fréttir af pest sem herjaði á íbúa tiltekinna svæða í Kína. Karl fylgdist óhjákvæmilega vel með tíðindum af því tagi.

„Fyrst voru þetta fréttir frá Kína og þetta var frekar óljóst til að byrja með. En við sáum að þetta var ný veira sem gat breiðst út. Við fórum strax í að setja upp aðferð sem gerði okkur kleift að greina veiruna. Þá var alvarleikinn ekki kominn í ljós. Þetta var í janúar. Fyrsta prófið var gert hér heima 31. janúar. Fyrsta jákvæða sýnið kom svo upp 28. febrúar. Þá gerðist þetta hratt því það komu svo margir smitaðir Íslendingar frá Austurríki. Menn héldu að þetta væri bundið við það svæði og skimanirnar voru bundnar við fólk sem þaðan kom. Auk þess höfðum við ekki bolmagn til að skima víðar en seinna kom í ljós að veiran tók að berast hingað með öðrum en skíðaferðamönnum frá Austurríki.“

Bein tenging við Wuhan

Karl segir að tilviljanir hafi ráðið því að veirufræðideildin hér heima hafi fengið spurnir af alvarleika mála í Kína.

„Það starfa þrír Kínverjar á veirufræðideildinni og tvö þeirra eru frá Wuhan. Við fengum fréttir frá þeim að vinir þeirra og fjölskyldur voru að veikjast hastarlega. Vinur eins starfsmannsins veikist og lést, ungur maður og ekki með neina undirliggjandi sjúkdóma. Þá áttaði maður sig á að þetta var alvarlegt og engin venjuleg flensa.“

Um svipað leyti taka Almanna- varnir við sér og Sigurgeir rifjar það upp að hann eigi í dagbók sinni fundarboð frá 24. janúar 2020 og efni fundarins var einfalt: „Lungnabólga í Kína.“

„Það var ógnvekjandi því þá var gríðarlegur fjöldi kínverskra ferðamanna að koma hingað á hverjum degi með millilendingu í Helsinki. Þá hófust strax aðgerðir hjá okkur og þær lutu að sóttvarnaráðstöfunum gagnvart starfsfólki okkar.“

Og stjórnvöld á Íslandi áttuðu sig fljótt á að veiran yrði skæð og að taka þyrfti af aleffi á henni. Því var það



Karl Gústaf Kristinsson.

Neyðarástand gerði kaupin möguleg

Karl Gústaf er prófessor í sýklafræði við Háskóla Íslands og yfirlæknir á Landspítalanum. Hann segir verkefnið hafa verið mörg síðustu tvö árin. Þau hafi ekki síst reynt á því heimurinn allur hafi verið að fást við sama vandan samtímis.

„Það má segja að þegar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lýsti yfir neyðarástandi, þá tók allur heimurinn við sér og þá var mjög erfitt fyrir okkur að nálgast tæki, hvarfaefni og sýnatökusett. Þetta er erfiðasta ár í mínu starfi frá upphafi, ekki síst á fyrstu mánuðunum því ófyrirsjáanleikinn var algjör. Það var t.d. búið að panta sýnatökusett og ganga frá kaupnum en kaupin gengu til baka og samkeppnin gríðarleg. Maður þurfti að vera tilbúinn á

hverri stundu að leysa stór og mikil vandamál og þessi staða var uppi allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. Svo hefur orðið algjör bylting á sýkla- og veirufræðideildinni á þessum tíma. Það voru frekar slæmar aðstæður, húsnæðislega og við vorum illa tækjum búin. Við vorum t.d. með í pöntun afkastamiði tæki til að greina DNA og RNA. Slík kaup þurfa að fara í útboð og slíkt ferli tekur mjög langan tíma. Við þurftum að bíða þar til að búið var að lýsa yfir neyðarástandi og þá komumst við hjá útboði en þá voru hlutirnir farnir að ganga mjög hægt út af eftirspurn um allan heim. Það vantaði ekkert á vilja stjórnvalda á þessum tímavarki en ástandið í heiminum gerði þetta mjög erfitt.“

Seinkaði vél á leið frá Bretlandi til Ástralíu

Gylfi Þór segir að þjálfun sú sem hann hefur hlotið hjá Rauða-krossinum í áfallahjálp hafi fljótt sannað sig. Fyrsti skjólstæðingur hans var ung kona frá Ástralíu sem verið hafði á ferð með unnusta sínum hér á landi en hann lést skyndilega af völdum veirunnar.

„Landið var nánast lokað og það komst enginn til hennar strax. Faðir hins látna og bróðir komu hins vegar til landsins en þurftu að vera í sóttkví. Ég þurfti því m.a. að fylgja henni upp á sjúkrahús til þess að kveðja hinn látna. Við vorum alveg ein á báti því það vildi enginn koma nálægt okkur eða hinum látna. Við fengum heimild til þess að taka föður hans og bróður með og ég klæddi þá í hlífðarbúninga og þarna vorum við. Það var nóturlegt að sjá að það var ekki búið að búa um hinn látna því óttinn við veiruna var svo gríðarlegur. Fólk vissi ekki hvort látið fólk gæti smitað. Allir hans persónulegu munir voru vacuum-pakkaðir og geymdir á Húsavík.“

Hann segir að hlutirnir gangi þó gjarnan upp að lokum þótt illa geti horft á tímabili.

„Þegar konan var að ljúka sóttkví hér bærust fréttir af því að Quantas, flugfélagið sem hinn látni hafði starfað hjá sem flugmaður, var að halda í síðasta flugið frá London til Ástralíu áður en allt lokaðist á þessum tíma. Hún þurfti tvö neikvæð sýni til þess að fá að fara til Ástralíu. Við tókum sýni kvöldið fyrir ferðina og það sýni reyndist neikvætt. Um nóttina var tekið annað sýni á veirufræðideildinni en að keyra það í gegnum tækið tekur fjóra tíma. Við sendum hana því út á flugvöll upp á von og óvon. Sem betur fer reyndist hún neikvæð.“

Gylfa Þór var hins vegar til-



Gylfi Þór Þorsteinsson. Ljósmynd aðsend

kynnt að það hefði orðið það mikil seinkun á vélinni frá Íslandi að það væri útilokað að konan myndi ná í flugið til Ástralíu. Í sama flugi voru jarðneskar leifar unnusta hennar. Gylfi var ekki tilbúinn til að setta sig við þau málalok.

„Ég hafði verið í sambandi við forstjóra Quantas því hann hafði óskað eftir aðstoð frá mér til að búa flutning líksins frá landinu. Ég hringdi því bara í hann og sagði honum hver staðan væri. Við værum að reyna að koma þeim báðum til Ástralíu og að hann þyrfti að seinka vélinni um 45 mínútur. Hann gerði það umyrðalaust.“

strax í febrúar 2020 sem ákveðið var að koma upp farsóttarhúsi til þess að taka á móti fólki sem ekki mátti komast í tæri við samfélagið. Í þeim aðstæðum hringdi síminn hjá Gylfa Þór.

„Ég var að horfa á Sky og sé fréttamyndir af fjölda manna að týna lífi á götum úti í Kína. Þá er hringt í mig og ég spurður hvort ég sé reiðubúinn að stofna farsóttarhús. Það var fyrirbæri sem enginn vissi í raun hvernig ætti að vera. Hins vegar var búið að greina fyrsta einstaklinginn hér heima og það þurfti að hafa mjög hraðar hendur. Svo hraðar raunar að það voru tvær vikur liðnar af þessari rússíbanareid þegar ég skrifaði undir ráðningarsamning. Fram að því vissi ég ekki einu sinni á hvaða launum ég yrði. Fyrstu 3 mánuðina var ég eini starfsmaðurinn en ég var með um og yfir 70 sjálfbóðaliða frá Rauða krossinum sem ég þurfti að þjálfva upp, m.a. með tilliti til sóttvarna og þarna vorum við að setja upp verkferla varðandi verkefnið.“

Fyrirmynd að samskonar starfsemi erlendis

Gylfi Þór segist ekki vita með vissu hvað olli því að hringt var í hann frekar en einhvern annan.

„Ég hef starfað sem sjálfbóðaliði hjá Rauða krossinum í mörg ár sem sinnir m.a. áfallahjálp og datt í raun inn í það á sínum tíma. Þarna vantaði greinilega einhvern nógu brjálaðan til að taka þetta að sér. Ég hafði unnið mikið við stjórnun, ekki síst á vettvangi fjölmiðla og menn vita að þar er nánast sífelld krísustjórnun í gangi. Ég bjó á hótelinu fyrstu þrjá mánuðina. Fór ekkert heim, setti upp hvernig þetta ætti allt að ganga. Síðan þá hafa verið rekin samsvarandi hús í þremur öðrum löndum eftir okkar fyrirmynd. Ég reyndi að kynna mér hvernig þetta var í Spænsku veikinni. Þá voru farsóttarhús en þau voru allt annars eðlis og þau yrðu aldrei samþykkt í dag út frá sóttvarnasjónarmiðum.“

Hann segir að það hafi verið sér metnaðarmál allt frá upphafi að standa vel að þessu.

„Ég ákvað strax að verða bestur í að reka sóttvarnahús. Vandinn er sá að það er ekki við neinn að miða en ég

Ég er frímúrari



Sigurgeir Ómar Sigmundsson.

Ljósmynd aðsend

Verkefnin breyttust á einni nóttu

Sigurgeir segir að þegar veiran tók að gera vart við sig og yfirvöld gripu til takmarkana á landamærunum hafi verkefnin breyst í einni svipan. Þá hafi þróun faraldursins verið með þeim hætti að reglum hafi verið breytt oft og tíðum og að á stundum hafi verið erfitt að henda reiður á stöðunni. Það hafi einnig átt við lögregluna sjálfa sem þó er sérþjálfuð í að rýna í reglugerðir og hvernig þeim skuli framfylgt.

„Skyndislega fór vinnan að snúast um allt annað en hefðbundna landamæragæslu. Það var mjög sérstakt að upplifa það að allt í einu sat ég í ráðherranefndum um sýnatökur á landamærum. Fyrsta slíka nefndin fékk raunar aðeins rúma viku til að koma af stað sýnatökum vegna kórónuveirunnar,“ útskýrir Sigurgeir en bendir sömuleiðis á að þessi vinna hafi undirstrikað samtakamátt fólks.

„Þarna komu saman starfsmenn úr heilbrigðiskerfinu, tölvusérfræðingar, lögreglumenn og fleiri og allir unnu sem einn maður. Þessi vinna skilaði ótrúlega góðum árangri.“

Fleiri áskoranir biðu þegar atburðunum vatt fram og verkefnin tóku á sig enn nýja mynd.

„Annað dæmi um aðlögun að nýjum verkefnum fólst í að haustið 2020 hafði flug dregist mikið saman og fram á veturinn. Í stað þess að fækka landamæravörðum buðumst við á Keflavíkurflugvelli til að taka við verkefnum frá smitrakningarteyminu, sem réði þá illa við ástandið. Síðaver var sett upp hjá okkur á flugvellingum og landamæraverðir sinntu hringingum og öðrum verkefnum fyrir smitrakningarteymið frá morgni til kvölds alla daga.“

held að þetta hafi gengið upp. Ég er t.d. afar stoltur af því að enginn þeirra starfsmanna sem ég hef ráðið til verksins, né heldur sjálfbóaliðar, hafa sýkst af veirunni við störf sín.“

Og þar má nefna að hið sama á við um starfslið Sigurgeirs í Keflavík og hópinn sem starfar með Karli Gústaf á sýkla- og veirufraeðideildinni. Enginn hefur sýkst við skyldustörf, þótt vissulega hafi starfsmenn þurft frá að hverfa um skamma hríð vegna þess að þeir hafi komist í tæri við veiruna utan vinnu sinnar. Segir Sigurgeir að þetta sé kraftaverki líkast.

„Enginn hefur sýkst, jafnvel þótt við höfum lent í líkamlegum átökum eins og fylgir starfinu og jafnvel verið hrækt á okkar fólk eins og stundum gerist. Það hefur verið mikið lán að við höfum sloppið með þessum hætti.“

Varnarlína fyrir Landspítalann

Umsvif sóttvarnahúsanna hafa verið með ólíkindum mikil og segir Gylfi Þór að yfir 8.000 manns hafi dvalið á vettvangi þeirra frá upphafi. Þar af hafi um 3.000 manns leitað ásjár þeirra vegna eiginlegs smits.

„Það hefur engin önnur stofnun sinnt um jafn marga sýkta, en það er líka eðlilegt. Við eigum að vera varnarlína fyrir Landspítalann og tryggja að hann verði ekki fyrir holskeflu frá fólki sem í raun þarf ekki á sjúkrahúsinnlögn að halda.“

Þegar horft er á ut anumhaldið sem fylgir starfsemi sem þessari, og hversu hratt þurfti að koma henni upp verður ekki komist hjá því að spyrja hvort Gylfi Þór hafi aldrei verið nærri því að bogna eða brotna undan álaginu.

„Samkvæmt stimpilklukku hef ég ekki farið undir 450 stundir að störfum í mánuði. Og ég náði einu sinni að bugast. Við vorum gerð skyldug til þess að taka til okkar fólk frá hárauðum löndum og fyrirvarinn var skammur. Við þurftum að ráða 200 starfsmenn á tveimur dögum. Það var rosaleg reiði hjá því fólki sem kom fyrstu dagana. Það vissi ekki af þessu og upplifði þetta eins og fangelsi. Við fengum yfir okkur allskonar skítkast frá þingmönnum og fleirum sem öskruðu á okkur. Við höfðum lagt okkur öll fram við að gera þetta eins vel og

mögulegt var og þegar við fengum þessar viðtökur þá hugsaði ég, fyrir hvern er ég að gera þetta? Þá kom að því að ég fór heim, lagðist upp í sófa, hlustaði á tónlist og var orðinn öflugur daginn eftir.“

Mikilvægt að standa með sjálfum sér

Karl Gústaf tekur í sama streng. Hann segir ekki erfitt að viðurkenna að þetta hafi á stundum tekið mjög á. Síðustu mánuðir séu þeir erfiðustu og mest krefjandi sem hann hefur kynnst á áratugalöngum og farsælum ferli.

„Ég var nokkuð nærri því að leggja árar í bát einu sinni. Á þeim tímamarki leið mér mjög illa en ég komst í gegnum það. Það sneri að álaginu sem tengdist þessu verkefni. Það hafa ekki allir verið sammála um leiðir og ég hef þurft að taka ákvarðanir sem hafa verið umdeildar og erfiðar og þar hefur skipt miklu máli að standa með sjálfum sér og sannfæringu sinni. Þar hefur verið um ákvarðanir að ræða sem geta haft afdrifaríkar afleiðingar og það er aldrei auðvelt að standa í slíkum sporum.“

Sigurgeir Ómar hefur marga fjöruna sopið á löngum ferli sem lögregluþjónn. Hann viðurkennir fúslega að síðustu mánuðir séu ólíkir nokkru því sem hann hefur kynnst á ævi sinni.

„Mín heilun, þegar mest hefur gengið á, hefur verið að reyna að komast í sveitina á Snæfellsnesi og sækja orku í jökulinn og náttúruna. Þar er gott að geta unnið með höndunum í stað höfuðsins. Verkefnin eru stór og smá og það má heldur ekki gleyma því að lífið stoppar ekkert þótt þessi verkefni dynji á okkur. Við erum líka flest að takast á við áskoranir og brekkur á öðrum sviðum, sem ekki er hægt að slá á frest.“

Sigurgeir Ómar hefur lengst þeirra þriggja starfað á vettvangi Frímúrarareglunnar. Gekk í St. Jóh. stúkuna Njörð árið 2002. Hann segir að hann hafi tekið með sér veganesti úr starfinu inn í þau verkefni sem hann hafi þurft að takast á við síðustu misseri.

„Störf þeirra félaga hafa skarast að miklu leyti í gegnum faraldurinn og þeir segja allir að það sé aðdáunarvert að fylgjast með hversu mjög allir leggi sig fram við að láta hlutina ganga upp.“

Það segir enginn hlutina fyrir mann

„Prautseigja í mótlæti skiptir máli og að búa sig undir slíkt ástand skiptir máli. Og þá hefur maður einnig lært að láta rödd sína heyrast. Við höfum verið óhræddir við að tala og segja hluti sem stjórnálamenn og ráðherrar hafa ekki endilega verið ánægðir með. En það þarf að segja hlutina, við erum með puttann á púlsinum og það segir enginn hlutina fyrir mann. Skýrasta dæmið kom upp í janúar þegar sóttvarnalæknir var kominn út í horn og öllum hans tillögum var hafnað. Á sama tíma upplifðum við að fólk var miskunnarlaust að segja okkur ósatt á flugvellinum. Sagðist vera á leið í sóttkví í stað þess að fara í sýnatöku. Með fortölum fengum við hundruð manna til að fara í sýnatöku í stað þess að heita því að fara í fjórtán daga sóttkví. Þar fannst fjöldi smita og eftirminnilegur einn hópur 40 útlendinga. Við stóðum í stappi við þau tímunum saman og við vissum að þau voru ekki á leið í sóttkví. Um helmingur þeirra reyndist smitaður.“

Og Karl, sem gekk í St. Jóh.stúkuna Glitni árið 2006, grípur þennan bolta á lofti og ítrekar að oftast en fólk geri sér grein fyrir, standi það frammi

fyrir mikilvægum ákvörðunum sem geti haft miklar afleiðingar, bæði fyrir það sjálft og aðra.

„Þá má manni ekki hugfallast og verður að byggja mat sitt og ákvörðun á samvisku sinni, þekkingu og reynslu og ekki gefa afslátt af sannfæringu sinni til þess að þóknast öðrum.“

Gylfi Þór, sem gekk í St. Jóh.stúkuna Fjölni árið 2009 vitnar einnig til frímúrararastarfsins og segist finna samsvörun í starfinu og þeim verkefnum sem hann hefur fengist við á undanförunum mánuðum.

„Ferðalögin milli stiga eru mikilvægt veganesti. Maður heldur af stað út í hið óþekkt. Við erum alla daga að fara inn á ókunnug svæði og verkefnum dagsins þarf maður að bregðast við og svara spurningum sem maður veit ekki endilega svarið við. Maður leitar í reynslubankann og reynir að tengja við það sem skynsemin segir manni. Það dugar furðu oft.“

Gerðu dauðaleit að sjö ára dóttur

Störf þeirra félaga hafa skarast að miklu leyti í gegnum faraldurinn og þeir segja allir að það sé aðdáunarvert að fylgjast með hversu mjög allir leggi sig fram við að láta hlutina ganga upp. Og þeir eru á einu máli um að þeir sem fá verkefni sem þessi í fangið hljóti að vaxa af þeim. Gylfi Þór gengur svo langt að halda því fram að þetta sé ekki verkefni heldur ævintýri þar sem ótrúlegustu hlutir gerist. Tekur hann dæmi af máli sem hann og Sigurgeir þurftu að leysa úr í bróðerni.

„Um daginn voru hælisleitendur hjá mér. Maðurinn hafði sótt um hæli en konan ekki sem er óvanalegt í aðstæðum sem þessum. Hún sagðist ekki geta sótt um hæli fyrr en hún vissi hver afdrif sjö ára dóttur hennar hefðu orðið. Hún hefði verið á ferð með þeim en vegna reglna um sóttkví hefði hún verið tekin af þeim á vellinum. Ég hringi beint í Sigurgeir og við setjum allt af stað. Hvar er þetta sjö ára gamla barn? Nokkrum klukkustundum síðar kom í ljós að þetta var sjö ára gömul hundstík. Þannig að það er alltaf eitthvað að fást við.“

Vel og vandlega

Sérhæfð ráðgjöf við viðhald og endurbætur



Viðhald fasteigna er okkar sérgrein. Við störfum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög og tryggjum að verkin séu unnin af fullkominni fagmennsku.



Framúrskarandi
fyrirtæki

verksyn.is | 517 6300


VERKSÝN



Ljósatröð í byggingu.

Ljósmynd Frímúrarareglan Hafnarfirði

Frímúrararahúsið Ljósatröð – 25 ára vígsluafmæli

Segja má að saga St. Jóh.stúkunnar Hamars í Hafnarfirði hafi meira og minna verið byggingarsaga. Allt frá því að fræðslustúkusalur var innréttadur í Rafhahúsinu um miðja síðustu öld, öll húsbyggingin að Linnetsstíg 3 með þremur endurbótum á því húsnaði og þar til Ljósatröð var byggð árin 1994 til 1996. Enn á ný var ráðist í byggingu viðbyggingar við Ljósatröð árið 2019 en í þetta sinn voru stúkurnar Hamar og Njörður sameiginlega að verki.

Það mun hafa verið á embættismannafundi haustið 1987 sem br. Sigurður Oddsson dró upp úr tösku sinni teikningar af hugsanlegri stækkun hússins að Linnetsstíg 3. Höfðu þær þá legið í skúffu einhver ár. Sennilega voru þessar frumteikningar eftir br. Sigurgeir Guðmunds-

son. Fólu þær í sér byggingu við endann á stúkuhúsinu, ofan á því húsi sem nú hýsir veitingastaðinn Tilveruna svo og lyftuhúsi þar við endann.

Byggingarsjóður stofnaður

Þær miklu umræður sem af þessu spunnust leiddu til þess að stofnaður var byggingarsjóður á 25 ára afmæli Hamars, ári eftir að gömlu teikningarnar höfðu komið til umræðu. Stjórn byggingarsjóðsins tók þegar til starfa. Reyndist hún öflug við söfnun í sjóðinn og lagði þar með grunn að framtíðarbyggingu fyrir stúkuna. Ein af þeim aðferðum sem stjórnin notaði til söfnunar var sú að bræður létu af greiðslukorti sínu einhverja þúsundkalla um hver mánaðamót og reyndist það góð búbot. Þrír listfengir bræður gáfu

teikningar á jólakort sem seld voru á aðventunni. Fyrstu sverðaslóðrin, eða smeygirnir sem nú eru kallaður, voru gerður á þessum tíma og seldir til ágóða fyrir byggingarsjóðinn. Gerð slóðranna var frumframtak Hamarsbræðra og var að vísu litin hornauga af ýmsum öðrum og jafnvel talið að þau ætti ekki við. Það er önnur saga. Þessi stöðugi áróður hélt umræðunni gangandi og leiddi til þess að haldinn var almennur fundur um byggingarmál þar sem mættu 45 bræður. Fundarmenn virtust vera á einu máli um að byggja bæri hús grunni og margir vildu byrja strax.

Um þessar mundir kom í ljós að hugsanleg byggingarlóð myndi verða til á svokölluðu Reykdalssvæði við stífluna í Hamarskotslæk þar sem til stóð að ryðja burt leifunum af þeirri



Ljósatröð í byggingu.

Ljósmynd Frímúrarareglan Hafnarfirði

starfsemi sem þar hafði verið meginhluta síðustu aldar. Þegar sá möguleiki var fyrir hendi að byggja við lækinn og stífluna á athafnasvæði br. Jóhannesar Reykdal, fannst mörgum bræðrum komin klár vísbinding um að þar skyldi hið nýja musteri rísa. Til að gera langa sögu stutta var óskað eftir því að nokkrir arkitektar innan Reglunnar skiluðu inn tillögum að byggingu. Þrjár tillögur bárust og var tillaga frá arkitektastofu Gísla Halldórssonar talin álitlegust. Stúkan keypti hins vegar allar tillögurnar.

Skóflustunguhátíð

Nú hófust menn handa og komu bræður og systur saman til skóflustunguhátíðar þann 14. júní 1994. En hvar átti að byrja að moka? Það var ekkert á svæðinu sem sagði nákvæmlega til um hvar húsið ætti að standa. Ef til vill hefur bara verið valinn sá staður þar sem auðveldast var að moka. Staðurinn mun þó hafa verið nokkurn veginn á marmaranum innan við anddyri stúkuhússins. Það er því vel við hæfi að geyma hina sögufrægu skóflu í námunda við staðinn þar sem hún var notuð.

Samið hafði verið við fyrirtækin Hagvirki um jarðvinnuna og Fjarðarmót um uppsteypu og lokun hússins. Gengu þessir verkhlutar vel fyrir sig og seinni hluta árs 1995 var þeim lokið. Á flestum sviðum áttu Hamarsbræður fagmenn sem stjórn-uðu verkum og það var nóg af aðstoðarmönnum sem var ýmislegt til lista lagt. Það kom í ljós að menn gátu leyst af hendi ýmis verk sem lúta að viðhaldi húsa og innanstokksmuna.

Hér má minna á kaffipásurnar þar sem vissulega var lagt á ráðin um verklegar og andlegar byggingar – að sjálfsögðu eintómir loftkastalar. Þá má geta þess að nokkrar systur sáu nokkrum sinnum aumur á bræðrum og færðu þeim líkamlegt fóður við störf sín. Systurnar kórónuðu síðan sitt verk með því að færa stúkunni málverk af Helgafelli ofan Hafnarfjarðar að gjöf á vígsludegi hússins. Þá mætti br. Jón Pálsson í Gaffinum með súpupott og ausu. Þetta gaf mönnum aukinn kraft og fyllti þá eldmóði.

Fjáröflunarsamkomur

Það liggur ekki alveg fyrir hvort stúkuhúsið var almennilega fokhelt þegar fyrsta fjáröflunarsamkoman var haldin en þær áttu eftir að verða fleiri eftir því sem byggingunni miðaði. Valinkunnir matreiðslumeistarar úr hópi bræðra sáu samkomugestum fyrir næringu á þessum samkomum. Hagnaðurinn byggðist á því að fá einstaklinga og fyrirtæki til að styrkja þessa fjáröflunarleið með afslætti og gjöfum á því hráefni sem til þurfti og selja síðan bræðrum og systrum veitingarnar á uppsprengdu verði, sem allir greiddu að sjálfsögðu með glöðu geði. Snap og sníkjur voru því stór þáttur í störfum meistaranna.

Þessi tími frá miðju ári 1995 og fram til haustsins 1996 varð Hamarsbræðrum afar minnistæður. Þarna leystist úr læðingi sú orka sem þurfti svo skila mætti fullunnu verki á tilsettum tíma. Þökk sé þeim fagmönnum í bræðrahópnum sem leiddu hópana hver á sínu sviði. Fór þar fremstur meðal jafninga byggingarmeistarinn Bjarni Björnsson sem bar ábyrgðina á framkvæmdinni.



Viðbyggingin vígð. Frá vinstri: Friðgeir Magni Baldursson, Stm. Hamars, Kristján S. Sigmundsson, HSM og Ásgeir Magnússon, Stm. Njarðar.

Ljósmyndir Jón Svavarsson



Ásgeir Magnússon, Stm. Njarðar, Guðmundur Óskars-son, formaður byggingarnefndar og Kristján Sig- mundsson HSM.



Guðmundur Óskarsson.



Kristján S. Sigmundsson.

Musterisbygging

Til er ævagömul arfsögn um mann sem kom á byggingarstað þar sem verið var að höggva til grjót í stóra byggingu og fjöldi verkamanna að störfum. Maðurinn spurði þann fyrsta sem hann hitti hvað hann væri að gera? Og maðurinn svaraði: „Ég er að höggva til þessa steina.“ Áfram hélt aðkomumaðurinn og hitti annan starfsmann og spurði sömu spurningar en hann svaraði: „Ég er að höggva steina í þetta hús sem er verið að byggja þarna uppi á hæðinni.“ Sá þriðji sem aðkomumaðurinn spurði sömu spurningar svaraði: „Ég er að byggja MUSTERI.“ Þessir þrír menn voru allir að vinna sams konar verk

en höfðu ekki sama viðhorfið til starfsins og lögðu mismunandi alúð í verk sín. Hamarsbræður voru hins vegar allir að byggja MUSTERI.

Njarðarbræður himnasending

Þann 20. október árið 1999 var St. Jóh.stúkan Njörður stofnuð og tók til starfa í stúkuhúsinu að Ljósatröð. Á þessum tíma var br. Guðmundur Óskars-son Stólmeistari Hamars en fyrsti Stólmeistari Njarðar var br. Einar Friðrik Kristinsson. Þeir náðu strax ákaflega vel saman og störfuðum náði allan þeirra starfstíma. Guðmundur gerði sér strax grein fyrir að stúkurnar yrðu að starfa í stúkuhúsinu að Ljósatröð á jafningjagrundvelli. Stúkurnar væru jafnar, ættu jafnan

rétt, bæru jafna skuldabyrði og eignarhaldið væri jafnt.

Fljótlega gengust Stólmeistararnir fyrir stofnun Hagráðs frímúrara-stúknanna í Hafnarfirði og skyldi skipað í stjórn þess að jöfnu. Eignarhaldið á stúkuhúsinu var flutt frá Hamri til Hagráðs og eins öll sameiginleg fjármál, þar með taldar byggingarskuldir sem Hamar hafði stofnað til við byggingu stúkuhússins. Byggingarskuldir hússins höfðu verið Hamarsbræðrum erfiðar og þeir rétt náð að standa í skilum með afborganir og vexti af byggingarlánnum. Engir peningar voru afgangs til að ljúka framkvæmdum innandyra og enn síður var hægt að klára framkvæmdir utandyra. Þar var öllu ólokið og



Ljósmynd Frímúraræglan Hafnarfirði

Njarðarbræður safnast saman til að undirbúa jarðvinnu, fjarlægja hellur o.fl. sem þarna var. Fjær stendur Guðmundur R. Óskarsson, form. byggingarnefndar (Hamri).

bílaplanið og lóðin í kringum húsið moldarflag og eitt drullusvað í vætutíð. Það var því mikil himnasending þegar St. Jóh.stúkan Njörður tók til starfa í Ljósatröð því þá bættust við um 40 fullborgandi bræður.

Guðmundur og Einar gerðu fjárhagsáætlanir mörg ár fram í tímann og skylduðu meðal annars Hamars- og Njarðarbræður til að greiða kr. 4.500 kr. aukaárgjald. Fjárhagurinn réttist þó ekki af strax heldur smátt og smátt og tók mörg ár. Fljótlega varð þó kleift að ljúka framkvæmdum innandyra og hefjast handa við frágang hringinn í kringum húsið. Þann 12. september árið 2003 sendu Stólmeistararnir bræðrum stúknanna sameiginlegt bréf í nafni Hagráðs en þar segir meðal annars: „Í sumar voru miklar framkvæmdir við Stúkuhúsið utandyra. Lóðinni kringum Stúkuhúsið var komið í rétt horf, það málað og ljósum komið fyrir. Er Stúkuhúsið nú orðið eitt fallegasta húsið í Hafnarfirði.“

Þegar byggingarskuldin var

fluttar frá Hamri yfir í Hagráð, um leið og eignarhaldi á stúkuhúsinu var breytt, nam skuldin rúmum 55 milljónum. Árið 2001 var öllum byggingarlánum skuldbreytt í eitt lán. Lánveitandi var Styrktarsjóður Reglunnar í Reykjavík, lánið var til 25 ára, óverðbætt með föstum 7,5% vöxtum. Síðasti gjalddagi átti að vera árið 2026. Sé þessi skuld framreiknuð með neyslúvísitölu til september 2021 nemur fjárhæðin um 140 milljónum.

Það segir sig sjálfst að stúka eins og Hamar með 187 bræður þann 30. júní 1999, og ekki alla fullborgandi, hefði ein átt í mesta basli með að standa undir afborgunum og vöxtum af byggingarskuldinni, ljúka byggingunni og halda henni við. Það má því til sanns vegar færa að með tilkomu Njarðar hafi opnast möguleiki á og flýtt verulega fyrir því að fjármálin í Hafnarfirði væru leyst úr fjárhagslegri spennitreyju.

Með fjölgun bræðra, bæði hjá Hamri, úr 187 bræðrum árið 1999 og í 252 bræður árið 2021 og Nirði, úr 45 bræðrum árið 2000 í 144 bræður árið

2021, hefur fjárhagsstaðan batnað jafnt og þétt og er í dag afar sterk. Á árinu 2011 voru fjármál Hagráðs orðin það traust að greiddar voru 2 milljónir aukalega inn á lánið. Sama ár var tekið 13 milljóna kr. lán hjá Styrktarsjóði Hamars og Njarðar til tíu ára og andvirðið notað til að greiða inn á stóru skuldina. Það er auðvitað skynsamlegra að greiða vexti af lánnum til Styrktarsjóðanna í Hafnarfirði frekar en til Styrktarsjóðsins í Reykjavík. Starfsárið 2015-2016 greiddi Hagráð svo upp lánið frá Styrktarsjóði Reglunnar tíu árum fyrir en samið hafði verið um. Hafði það því tekið bræðurna í Hafnarfirði tuttugu ár frá því að eiga rétt fyrir afborgunum og vöxtum árið 1996 yfir í að skulda aðeins Styrktarsjóði Hamars og Njarðar 6,5 milljónir kr. Það lán greiddi síðan Hagráð upp starfsárið 2020-2021. Samkvæmt efnahagsreikningi Hagráðs þann 30. júní 2021 eru byggingarskuldin engar, hvorki vegna stúkuhússins né viðbyggingarinnar. Að baki þessum árangri býr ekki síst mikil aðhaldssemi í



Ljósmynd Frímúrarareglan Hafnarfröi

Grunnvinnan hafin. Jarðvinnuverktakinn Jóhann Þórir Gunnarsson stendur yfir þípulagningameisturunum Árna Friðbjarnarsyni (fjær) og Gísla Ellertssyni. Allt Hamarsbræður.

rekstri alla tíð og stöðug sjálfböðavinna bræðra við hin margvíslegustu störf.

Viðbyggingin, stækkað eldhús og geymsla

Haustið 2017 var skipuð þriggja manna undirbúningsnefnd til að vinna teikningar, gera þarfagreiningu og semja kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðrar stækkunar á eldhúsi og smíði geymslu við Ljósatröð. Undirbúningsnefndin skilaði tillögum sínum og lauk störfum ári seinna, haustið 2018. Við verklok í nóvember sl. voru því fjögur ár frá því fyrst var formlega byrjað að vinna að stækkuninni.

Þann 6. maí 2019 var skipuð byggingar- og framkvæmdanefnd sem í sátu þrjár bræður frá Nirði og þrjár bræður frá Hamri og hófu þeir þegar störf. Nefndin fékk strax til liðs við sig aðstoðarmenn sem mikill fengur var í. Fyrsti fundur nefndarinnar með arkitekt hússins, Halldóri Guðmundssyni, Eddubröður, var haldinn í Ljósatröð þann 23. maí 2019. Þar var farið yfir óskir og hugmyndir varðandi viðbygginguna. Haldnir voru nokkrir fundir með Halldóri fram eftir ári og varð hann við flest-

um óskum og hugmyndum nefndarmanna. Endanleg teikning var síðan send inn til byggingaryfirvalda í Hafnarfröi þann 3. desember 2019. Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa í Hafnarfröi í mars 2020 segir svo í fundargerð: „Hamar sækir um heimild til stækkunar á Ljósatröð, félagsheimili. Byggingarfulltrúi samþykkir erindið 18.03.2020.“

Eftir að teikningarnar voru tilbúnar og samþykktar hófst vinna við að útbúa og afla gagna til að fá byggingarleyfi frá bæjaryfirvöldum. Það var svo veitt 8. júní 2020. Fyrsta skóflustungan hafði þó verið tekin þann 17. maí og fékkst til þess munnlegt leyfi byggingarfulltrúa. En meira þurfti til í þessu sambandi en leyfi byggingaryfirvalda í Hafnarfröi því yfirstjórn Frímúrarareglunnar þurfti einnig að veita sitt leyfi. Það gerði hún í áföngum, fyrst var veitt leyfi til að láta teikna viðbygginguna. Síðan þurfti að sækja um leyfi til að hefja byggingarframkvæmdir. Allt tók sinn tíma en Fjárhagsráð og Stúkuráð Frímúrarareglunnar tilkynnti svo Hagráði, með bréfi dags 18. mars 2020, að samþykki Fjárhagsráðs lægi fyrir og að framkvæmdir gætu hafist á grund-

velli kostnaðaráætlunarinnar. Margar kostnaðaráætlanir voru gerðar en endanleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 61,3 milljónir. Þessi kostnaðaráætlun var fyrir utan búnað í eldhúsi sem áætlað var að yrði um 5 milljónir. Samtals nam kostnaðaráætlunin því 66,3 milljónum. Við verklok í vetrarbyrjun árið 2021 var kostnaður við viðbygginguna nokkurn veginn innan eða við óverðbætta kostnaðaráætlun sem gerð var rúmum tveimur árum fyrr. Milljónir höfðu sparast vegna gjafavinnu Hamars- og Njarðarbræðra og frímúrararbræðra í öðrum stúkum. Þá leitaði byggingarnefndin sífellt hagstæðustu verða með tilboðum þar sem það var hægt og beindi viðskiptunum til frímúrararbræðra sem ávallt voru tilbúnir til að veita afslætti án þess að byggingarnefndin gæfi nokkuð eftir í kröfum um fagleg vinnubrögð og gæði. Öll vinna við viðbygginguna hefur verið unnin af fagmönnum, sama hvert lítið er. Vinnan við sjálfa viðbygginguna tók um það bil 16 mánuði sem er svipaður tími og tók að teikna, afla gagna og fá leyfi til að hefja bygginguna.

Viðbyggingin er 119,5 m² samtals. Geymslan er 79,7 m² en eldhúsið stækkar um 39,8 m² sem er stækkun upp á 129% og verður eldhúsið 71,4 m² eftir stækkunina.

Vígsluathöfn 27. nóvember

Vígsluathöfn fyrir viðbyggingu að Ljósatröð fór fram laugardaginn 27. nóvember sl. að viðstöddu fjölmenni þar sem byggingarnefndin skilaði af sér til stjórnar Frímúrarahússins Ljósatraðar. Athöfnin var í senn háttileg og gleðileg, sérstaklega fyrir þá frímúrararbræður sem starfa í Hafnarfröi. Stór áfangi er að baki sem mun styðja enn frekar við öflugt starf frímúrara í Ljósatröð í Hafnarfröi.

Greinin er byggð á erindum Jóhannesar Harrys Einarssonar, fv. Stólmeistara Hamars og Guðmundar Óskarssonar, formanns byggingar- og framkvæmdanefndar og fv. Stólmeistara Hamars.

Simon Jón Jóhannsson

„Heiðríkja í Vesturheimi“

Íslenskar kirkjur í Bandaríkjunum og Kanada

Ljósmyndir frá
ljósmyndasýningu
Guðmundar Viðarssonar,
ljósmyndavardar
Frímúrarareglunnar

Í þessari grein eru ljósmyndir af kirkjum í Vesturheimi sem br. Guðmundur Skúli Viðarsson, ljósmynda-vörður Reglunnar, tók fyrir liðlega tveim áratugum. Þær eru hluti ljósmynda-sýningar sem sett var upp í Gerðarsafni árið 2000.

Þessi sýning hafði langan aðdraganda og að baki henni reyndist ómæld vinna og löng ferðalög. Sá aðdragandi hófst með því að Guðmundi bauðst að fara í starfsnám til Minneapolis í Bandaríkjunum árið 1994. Dvöl hjá innlendri fjölskyldu var hluti námsins og var Guðmundur svo heppinn að lenda hjá hjónunum John Rutford og Donnu Rutford en John var þriðju kynslóðar Íslendingur. Afi hans var Þorleifur Guðmundsson, fæddur að Lambastöðum í Dalasýslu. Hann tók sér nafnið Leifur Hróttfjörð er hann flutti vestur en sonur hans breytti ættarnafninu í Rutford. Guðmundur, sem snemma fékk áhuga á ljósmyndun og hefur fullnumað sig í þeirri starfsgrein, hafði í tómsundum tekið ljósmyndir af mörgum kirkjum hér heima. Því vakti það áhuga hans á ferðalagi með Rutford hjónunum um Norður-Dakota að þar voru fjölmargar íslenskar kirkjur. Þarna kviknaði stórbrotin hugmynd. Þeir John öfluðu sér upplýsinga um allar íslenskar kirkjur í Bandaríkjunum og Kanada en íslenskar kirkjur skilgreindu þeir þannig að þær væru byggðar af íslenskum söfnuðum og tengdust íslenska kirkjufélaginu og íslensku kirkjusambandi, Unitara. Söfnuðirnir sem byggðu kirkjurnar áttu að samanstanda að öllu eða einhverju leyti af íslenskum innflytjendum eða afkomendum þeirra. Það er



Lúterska kirkjan Mikley er á suðurströnd Heclu-eyju um 170 km norður af Winnipeg. Micklaeyjarsöfnuður byggði kirkju 1890 sem var byggð af Vilhjálmí Sigurgeirssyni frá Grund í Eyjafirði. Það var í Micklaeyjarkirkju á pálmásunnudag 1891 að sr. Magnús Skaptason predikaði sem leiddi til safnaðardeilna út um allt Nýja-Ísland. Löng saga er á bak við þessar deilur en kirkjan var síðan rifin og ný kirkja byggð árið 1928 af Guðmundi Eyjólfssyni Olson frá Stykkishólmi. Fylkisstjórn Manitoba stofnaði þjóðgarð á Hecklu-eyju árið 1967 og keypti upp eignir og flutti íbúana á brott, en kirkjubyggingunni er vel við haldið og notkun hennar leyfð í kirkjulegar athafnir.



Lúterska kirkjan Thingvalla í Eyford í Norður-Dakota var byggð árið 1892. Hún brann þann 3. júní 2003 þegar unnið var að viðgerð hennar.



álitið að frá upphafi byggðar Íslendinga í Vesturheimi hafi trúin og kirkjumálefnið verið sterkasta þjóðernisafið. Hvar sem Íslendingar komu saman var komið á guðsþjónustum og fenginn prestur til að flytja Guðs orð. Kirkjubyggingarnar eru góður vitnisburður um þessa trúfestu

og mikilvægi ræktarsemi við hana sem vert væri að skrásetja í myndum. Jafnframt söfnuðu þeir og skráðu upplýsingar um sögu kirknanna og safnaðanna. Á þessum tíma ferðust þeir um afar víðfeðmt svæði og ljósmyndaði Guðmundur fjölda kirkna. John, sem var mjög fróður um efnið



Lúterska kirkjan í Markerville, Alberta fylki í Kanada. Bygging hennar hófst snemma árs 1906 og var hún fullbyggð 25. maí 1907. Kirkjunni hefur verið viðhaldið allt frá árinu 1963 af Voninni, sem er öflugt íslenskt kvenfélag í bænum. Stephan G. Stephansson settist að í Markerville.



Lúterska kirkjan Lögberg í Saskatchewan í Kanada, nú íbúðarhús.



Lúterska kirkjan Thingvalla í Saskatchewan í Kanada.



Lúterska kirkjan Concordia í Saskaatchewan, Kanada.

Kirkjan Lögberg í Saskatchewan, í Kanada á sér athylisverða sögu. Íslenski söfnuðurinn Thingvallasókn þar byggði sína fyrstu kirkju, Lögbergskirkju, í norðurhluta hreppsins suðvestur af Calder í Kanda. Byggingu kirkjunnar lauk árið 1904 en hún var ekki vígð fyrr en árið 1909. Einværn tíma eftir 1950 var kirkjunni lokað og hún síðar seld bónda á staðnum. Kirkjan var flutt nokkra kílómetra innan bæjarins og er notuð sem íbúðarhús í dag.

Sjá má móta fyrir kirkjuglugga á hlið byggingarinnar. Þessi kirkjubygging er ein af fimm kirkjum sem byggðar voru í Saskatchewan. Þessar þrjár kirkjur tengjast stærri og lengri sögu og hafa tengsl við kirkjuna Concordia Lutheran Church í Churchbridge, og Thingvalla Lutheran Church á sama svæði.

og hafði mikinn ættfræðiahuga, vann einkum að heimildaöflun og skipulagningu verkefnisins í Bandaríkjunum. Af ýmsum ástæðum var hlé á verkinu til ársins 1998. Þá varð það að Kristnihátíðarnefnd auglýsti eftir tilögum um viðburði fyrir hátíðarhöld árið 2000 í tilefni af því að liðin voru eitt þúsund ár frá kristnitöku á Íslandi. Þetta vakti hugmynd um að mögulegt væri að sýna almenningi árangur verkefnisins á aðgengilegan hátt og gefa þannig myndræna lýs-

ingu á þessum þætti í sögu íslensku innflytjendanna. Ljósmyndasögusýning um kirkjur Íslensku landnemanna og afkomenda þeirra í Vesturheimi þótti svo áhugavert verkefni að hátíðarnefndin ákvað að styrkja myndarlega uppsetningu þess. Sýningin var sett upp í Gerðarsafni og voru allir sýningarsalirnir notaðir enda innihélt hún 55 ljósmyndir af kirkjum og upplýsingum um þær.

Bragi Ásgeirsson, listmálari og listrýnir, skrifaði mikla og lofsamlega

grein um sýninguna og kallaði greinina „Heiðríkja í Vesturheimi“. Meðal annars segir Bragi: „Guðshúsin er við blasa á veggjum safnsins bókstaflega æpa af sögu í þögn sinni og látlausri reisu og mörgum mun verða líkt farið og mér við skoðun þeirra. Mann langar strax að vita meira um þau en myndirnar og skilvirkir textarnir segja gestinum, jafnframt um fólkíð sem þar safnaðist saman í bæn og flestir Íslendingar sækja einhver venlabönd til. Húsin standa eins og

ÖRUGG AFRITUN GAGNA

TRAUST OG PERSÓNLEG TÖLVUÞJÓNUSTA

Hagstæðar lausnir fyrir fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og sjálfstæða atvinnurekendur.



 **AFRIT**

**SKÝ
SPEGLUN
SKJÖL**

Upplýsingar á Afrit.is

 **VAKT!N**

**SILFURVAKTIN
GULLVAKTIN
PLATINUMVAKTIN**

Upplýsingar á Tolvuaðstoð.is



TÖLVUAÐSTOÐ

minnisvarðar um landnámið og mik-ið eru þau fögur smíð mörg hver, þótt ekki séu þau mikil um sig, trúarleg útgeislan þeirra meiri ýms-um gervibáknum og himinsstigum skinhelginnar. Þá er eftirtektarvert hve mörg þeirra minna á íslenskar hefðir í kirkjubyggingu líkt og land-nemarnir hafi með því viljað finna fyrir hluta af heimaslóðum, í smíð, útliti, nafngift og heiðríkju...“

Þessi myndarlega sýning hefur einnig verið sett upp hjá Þjóðrækn- isfélagi Íslendinga í Edmonton og í Safni íslenskrar menningararfleifð- ar, The Icelandic Heritage Museum í Gimli í Kanada og víðar og er hug- myndin og framkvæmdin bróður okkar til mikils sóma.

Ólafur G. Sigurðsson



Lúterska kirkjan Vikur í Mountain, í Norður-Dakota. Elsta íslenska kirkjan í Norður-Ameríku, byggð árið 1884.



Lúterska kirkjan Grund Frelsis í Glenboro í Manitoba. Byggð árið 1910.



Arnes Unitarian í Arnes í Manitoba í Kanada. Byggð árið 1910.



Fríkirkjan Bru, Cypress River, Manitoba í Kanada. Byggð árið 1910.



Kort sem sýnir staðsetningu íslenskra kirkna.

Vel heppnuð frímúrararaferð til London

Forsögu þessarar ferðar má rekja til komu 6 enskra bræðra á 100 ára afmælisfund Eddu í mars 2019. Þeir bræður úr Eddu og einn úr Lilju hafa tengst Craft-stúku í London og eins Rósarstúku þar sl. áratug. Eftir afmælisfundinn í Eddu var br. Hagerup Ísaksen IX° Liljubr. og Péttri Davíðs-syni IX° Gimlisbr. boðið að mæta með íslenska bræður á sérstakan fund í Craftstúkunninni ensku þar sem stæði til að minnast 200 ára afmælis styrktarsjóðs stúkunnar. Einnig var orðið ljóst að íslenskur br. í ensku stúkunninni yrði orðinn Stólmeistari hennar í mars 2020 og yrði þetta fyrsti fundur hans eftir embættistöku. Venjulega fundar Craftstúkan í einkaklúbbi en þessi fundur yrði haldinn í Frímúrarhúsinu í London í maí 2020. Í tilefni af komu íslenskra bræðra myndi Rósarstúkan Belgrave halda sérstakan aukafund. Boðið gilti fyrir allt að 50 íslenska bræður og voru systur líka boðnar velkomnar.

Skipulagning hafin

Stuttu síðar var hafist handa við skipulagningu og dagskrágerð. Í lok febrúar 2020 voru 34 bræður skráðir í ferðina og 15 systur. Síðan kom Covid-19 og bæði fundum og ferð frestað, fyrst til nóvember 2020, síðan til maí 2021 og að endingu létu menn slag standa, ferð og fundir settir á dagskrá í september 2021, enda allt orðið opið í Englandi. Að vísu fækkaði skráðum bræðrum og systurum í ferðina og fjórða bylgja á Íslandi í ágúst sl. orsakaði ennþá meiri fækkun í ferðahópnum.

Ferðin var farið 27. september til 1. október sl. og voru þátttakendur 11 bræður og 4 systur. Gist var á Strand Palace Hotel en það er í göngufæri við Frímúrarahúsið í London.

Þriðjudaginn 28. var farið á fund á 3° í stúkunninni United Lodge of Prudence nr. 83 í aðalbyggingu Frímúrarahússins við Great Queen Street í London. Þessi stúka starfar aðeins á 1-3°. Við íslensku bræðurnir mættum í kjölfötum og með okkar einkenni. Það setti svip á fundinn en ensku bræðurnir mæta í dökkum jakkafötum með dökkt bindi og sín einkenni.



Ljósmynd Jón Svavarsson

Fremri röð frá vinstri: Austin Erwin, 30° Fh. Belgrave, Jón Svavarsson, X° Mími, David Attwood, 18° Stm Belgrave, Jens Davíðsson, IX° Stm. Vöku, Finnboogi Rútur Þormóðsson, IX° Glitni, Kjartan Ólafsson, X° Eddu, Bjarni Sólbergsson, IX° Njála, Hagerup Már Ísaksen, IX° Lilju (sést ekki). Aftari röð: Arnar Birgisson, VIII° Gimli, Derek Bell 31°, R. Belgrave, Páll Ólafur Pálsson, X° Eddu, Pétur Davíðsson, IX° Gimli, Einar Ólafsson, VIII° Eddu, Sigurður Júlíusson, VIII° Lilju.

200 ára afmæli styrktarsjóðsins

Prudence stúkan hélt upp á 200 ára afmæli styrktarsjóðs síns á þessum fundi. Fundinum var stjórnað af Huga Hugasyni Briem, Stólmeistara stúkunnar, sem er íslenskur en búsettur á Englandi. Stúkan heldur einungis fjóra fundi á ári, venjulega alltaf fyrsta þriðjudag í mars, júní, september og desember, en þetta var fyrsti fundur eftir Covid-19. Þó nokkur blæbrigðamunur er á framkvæmd fundarins miðað við það sem gerist hjá okkur í sænska kerfinu. Í tilefni afmælis styrktarsjóðsins var ákveðið að veita nokkra styrki til góðgerðarmála. Upphæðirnar byggðu á áskriftargjaldi stúkumeðlima 1821, þegar sjóðurinn var stofnaður, framreiknað í núverandi verðgildi. Einn þessara styrkja var veittur til Landsbjargar á Íslandi.

Bróðurmáltíðin sem alltaf er þriðjudagur var borin fram með góðum veigum. Þar var tilkynnt að söfnunarfé fundarins skyldi bætast við áður nefndan styrk til Landsbjargar á Íslandi, alls 1.000 pund, og var gerður góður rómur að þeirri ákvörðun.

Á miðvikudeginum var okkur boðið í móttöku í The Drapers Company í City of London, rétt við Englandsbanka. Þetta er félag sem á rætur að rekja til eins af iðnaðarmannagildum miðalda og hafði einkaleyfi á og yfirumsjón með verslun á vefnaðarvöru í City of London frá 1438, en hefur nú breyst í fjölpætt góðgerðarsamtök. Meðlimir eru enn nefndir The Drapers þó að í dag séu fáir tengdir vefnaðariðnum. Bretadrottning er einn meðlima félagsins. Þó svo að húsið láti ekki mikið yfir sér að utan er það mjög glæsilegt að innan og hefur verið notað við tókur nokkurra frægra kvikmynda, t.d. The Kings Speech, The Crown og Bond mynda en látið líta út fyrir að myndað væri í Buckingham höll. Í framhaldi var heimsókn í Frímúrarahúsið fyrir bræður og systur en þess má geta að ókeypis sýningaferðir eru um húsið flesta daga fyrir frímúrarara og aðra. Við mælum með því að frímúrarar noti tækifærið ef þeir eru í London og fari í skoðunarferð um húsið.

(sjá <https://www.ugle.org.uk/>)

Um kvöldið var okkur ásamt eig-



Ljósmynd Jón Svavarsson

Frá vinstri: Austin Erwin 30° Fh. Prudence, Adrian Erwin 3° Prudence, Jón Svavarsson, X° Mími, Jens Davíðsson, IX° Stm. Vöku, Páll Ólafur Pálsson, X° Eddu, Arnar Birgisson, VIII° Gimli, Hagerup Már Ísaksen, IX° Lilju, Hugi Baldvin Hugason Briem, 18° Stm. Prudence, Pétur Davíðsson, IX° Gimli, Kjartan Ólafsson, X° Eddu, Bjarni Sólbergsson, IX° Njálu, Finnþogi Rútur Þormóðsson, IX° Glitni, Einar Ólafsson, VIII° Eddu og Sigurður Júlíusson, VIII° Lilju.

inkonum svo boðið í huggulega mótöku heim til Austin Erwin ásamt fleiri enskum frímúrum. Fengum við einstaklega hlýjar og góðar mótökur.

Rósarfundur og móttaka

Á fimmtudeginum, um kvöldið, fórum við sem vorum á VIII° gráðu eða ofar á Rósarfund í þeirra kerfi, hjá Belgrave Chapter Rose Croix No 121 en stúkan fundar í Duke Street, í höfuðstöðvum The Supreme Council 33° fyrir England, Wales og enskar rósarstúkur fyrir utan Bretland. (sjá <http://www.sc33.org.uk/>) Þessi stúka heldur aðeins 2 fundi á ári. Meðlimir Belgrave koma úr mismunandi Craftstúkum en þó nokkrir bræður eru úr Prudence. Á fundinum var safnað til góðgerðarmála og var tilkynnt að sérstakur styrkur yrði veittur og br. Jens Davíðsson, Stm. Vöku, beðinn að koma upp til að taka á móti 1000 punda styrk til Landsbjargar á Íslandi. Fundurinn var talsvert ólíkur okkar VIII° en helgast að nokkuru leyti af því að þeir eru með 33° kerfi í stað okkar X°. Það var samt hægt að



finna nokkur líkindi með fundum þar og hér heima.

Að loknum fundi vorum við og systurnar boðin í mótöku og kvöldverð í Army & Navy Club sem var í göngufæri frá fundarstaðnum. Áður en bróðurmáltíðin hófst var

sameiginlegur fordrykkur bræðra og systra. Systurnar höfðu komið fyrir og átt stund með enskum systur. Systurnar borðuðu síðan saman í sér-sal þar sem fundurinn hélt áfram hjá okkur yfir borðhaldinu. Að loknu borðhaldi hittust svo allir á barnum við góða stemmingu.

Á leiðinni út á flugvöll var okkur boðið að heimsækja vinnustofu íslenskrar listakonu sem búsett er í Bretlandi, Kristjönu Williams. Kristjana er mjög áhugaverður listamaður og hannar einstök listaverk með staf-rænni tækni, hún er með 9 aðstoðarmenn og hannar fyrir ýmsar stofnanir og fyrirtæki, t.d. plötualbúm fyrir Cold Play hljómsveitina, ýmislegt fyrir Viktoría og Alberts musem svo einhverjir séu nefndir.

Það er bæði fróðlegt og skemmtilegt að eiga félagsskap við bræður í nágrannalöndunum. Við hvetjum bræður til að sækja fundi erlendis ef þeir hafa aðstöðu til, sérstaklega á hinum Norðurlöndunum. Það víkkar sjóndeildarhringinn og veitir ánægju.

Kjartan Ólafsson
Jón Svavarsson



:: NIKEGOLF 

NIKE GOLFPÖRURNAR FÁST Í H VERSLUN OG Á HVERSLUN.IS



Frá afhendingu framlags til Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá Góðgerðasjóði United Lodge of Prudence No. 83 og eins framlags frá stúkunni Belgrave Rose Croix Chapter No. 121, þann 11. október sl. Frá vinstri: Jón Svavarsson, X° Mími, Pétur Davíðsson IX° Gimli, Austin Erwin, Fh. Prudence & Belgrave, Jens Davíðsson, IX° Stm. Vöku, Kristján Þór Harðarsson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, Páll Ólafur Pálsson, X° Eddu, Hagerup Már Ísakson, IX° Lilju og Sigurður Júlíusson, VIII° Lilju. Þess má geta að Kristján Þór er IX° Lilju. Ljósmynd: Landsbjörg.

Nýr Stólmeistari St. Andr.st. Hugins

Þann 21. október sl. fór fram Stólmeistarakjör í St. Andr.stúkunni Hugin. Kjörinn var br. Ársæll Guðmundsson og var hann settur í embættið af SMR, Kristjáni Þórðarsyni, þann 30. október sl.

Ársæll er fæddur þann 30. maí 1961 í Reykjavík og voru foreldrar hans Sigfríður Nieljohnúsdóttir og Guðmundur B. Ársælsson. Hann lauk prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1986 og meistaragráðu á sviði uppeldis og menntunar frá Lundarháskóla í Svíþjóð, auk diplómanáms í opinberri stjórnsýslu og námi í stjórnunarfræðum. Eftir nám og störf í Svíþjóð kenndi hann við grunnskólann á Blönduósi auk þess að byggja upp Farskóla Norðurlands vestra. Ársæll var kjörinn í bæjarstjórn Blönduóss árið 1994 og tók um leið við starfi aðstoðarskólameistara Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Árið 2002 var hann kjörinn í sveitarstjórn Skagafjarðar og starfaði sem sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar allt það kjörtímabil. Árið 2006 var Ársæll fenginn til að leiða uppbyggingu



Ársæll Guðmundsson.

Menntaskóla Borgarfjarðar og var hann skólameistari þar til ársins 2011, er hann tók við sem skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði. Hann hefur einnig unnið að ýmsum stefnumótandi verkefnum í mennta- og menningarráðuneytinu en árið 2016 var hann ráðinn skólameistari Borgarholtsskóla sem er hans starf í dag.

Ársæll hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir hið opinbera og

félagasamtök, verið formaður Skólameistarafélags Íslands, formaður Iðnú bókaútgáfu, varaformaður Félagssamtökumanna ríkisstofnana, formaður Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.

Ársæll gekk í St. Jóh.fræðslustúkuna Mælifell á Sauðárkróki árið 1997 og var einn af stofnendum St.Jóh.st. Mælifells árið 2001 og gegndi þá embætti RM. Árið 2000 gekk hann í St. Andr.st. Huld á Akureyri og árið 2004 í Stúartstúkuna. Hann gegndi embætti vRm í þrjú ár í Huld. Árið 2013 flutti hann sig frá Stúartstúkunni í Landsstúkuna og úr St.Jóh.st. Mælifelli til St. Jóh.st. Akurs og tók þar við embætti vRm sem hann gegndi til ársins 2015 en þá var St. Andr.st. Huginn stofnuð. Ársæll er einn af stofnendum hennar og gegndi frá upphafi embætti Vm þar til hann var settur Stm.

Ársæll á fjórar dætur. Hann kvæntist árið 1984 Gunnhildi Harðardóttur, sérfræðingi hjá Menntamálastofnun, og eiga þau saman þrjár dætur.

EIRVÍK



Töfrar eldamenskunnar byrja með Eirvík

Suðurlandsbraut 20 / 108 Reykjavík / 588 0200 / eirvik.is.



Minning

Jón Sigurðsson R&K

Jón Sigurðsson fæddist 23. ágúst 1946 og lést á líknardeild Landspítalans 10. september sl.

Hann lauk BA-prófi í íslensku og sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1969 og hlaut doktorsgráðu í menntunarfræðum árið 1990 frá Columbia Pacific University og MBA-prófi frá National University í San Diego árið 1993.

Jón var m.a. lektor í íslensku við háskóla í Svíþjóð, skrifstofustjóri hjá Máli og menningu, forstjóri Menningarsjóðs, ritstjóri Tímans, skólastjóri Samvinnuskólans og síðar rektor Samvinnuháskólans, framkvæmdastjóri Vinnuálasambands samvinnufélaganna, seðlabankastjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður Framsóknarflokksins, lektor við Háskólann í Reykjavík, formaður ráðgjafarnefndar Fjármálaeftirlitsins, stjórnarformaður Samkaupa hf., stjórnarformaður hjúkrunarheimilisins Eirar, formaður skólanefnda Stýrimannaskólans í Reykjavík og Garðyrkjuskóla ríkisins, stjórnarformaður Bygðastofnunar, stjórnarformaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna og stjórnarformaður Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju.

Um störf Jóns í hinum ytra heimi hefur verið fjallað annars staðar en af framangreindri upptalningu má sjá að hér var yfirburðamaður á ferð.

Við bræðurnir sjáum nú á bak bróður sem var gáfaður, fjölmenntaður og margfróður á öllum sviðum, hafði opinn og lifandi huga og var áhugasamur um fræði Reglunnar. Nálgæð við hann var ávallt gefandi og gagnleg. Kom þar til bæði greind hans og þekking og ekki síst hlýlegt og glatt geð og jákvætt viðhorf. Það leiddist engum með Jóni.

Hann gekk í St. Jóh.stúkuna Glitni 1975 og gegndi þar embætti E. Stv. og Vm. Hann hlaut stig R&K 23. mars 1997 og árið 1997 tók hann við embætti YAR og var hann fyrsti oddviti Fræðaráðs sem stofnað var það ár og leiddi starf þess úr hlaði. Hann gegndi því til ársins 2003 er hann tók við embætti STR sem hann gegndi til



Jón Sigurðsson R&K. Ljósmynd Bjarni Ómar

2010 er hann tók við embætti DSM sem hann gegndi til ársins 2019.

Auk allra þessara mikilvægu starfa sat Jón í nefnd þeirri er undirbjó hátíðahöld í tilefni af 50 ára afmæli Frímúrarareglunnar á Íslandi árið 2001. Þá var hann formaður svonefndrar stefnumótunarnefndar og leiddi starf Reglunnar við mótun stefnu hennar í aðdraganda 100 ára afmælis frímúrarastarfs á Íslandi. Við það verk var miklum upplýsingum safnað saman um starfsemi frímúrarara á liðandi stund, um bræðurna sjálfa, um viðhorf þeirra og annarra til Reglunnar og um orðspor hennar í samfélaginu og tillögur gerðar um aðgerðir og hefur þeim nú verið hrint í framkvæmd. Þar vann Jón þrekvirki og var aðdáunarvert að fylgjast með því hvernig hann gekk að þessu verki á markvissan jákvæðan og bróðurlegan hátt, en alls tóku 283 bræður þátt í þessu verkefni.

Jón var líka orðsins maður. Erindi hans og ávörp í stúkunum eru minnstæð og innihaldsrík enda hafði hann djúpan skilning á fræðum Reglunnar og fléttaði gjarnan saman við menn-

ingarsögu enda vel heima á því sviði eins og svo mörgum öðrum. Má hér minna á öflugan stuðning hans við stofnun fræðslustúkunnar Snorra. Jón var þrýðilega hagmæltur og bragfróður og liggur eftir hann mikið af þýðingum og textum í bundnu máli sem við bræður hans njótum að hlýða á. Hann sat í nefnd þeirri sem annaðist ritstjórn afmælisritsins „Undir stjörnuhimni“ sem gefið var út í tilefni af 100 ára afmæli frímúrarastarfs á Íslandi og tók saman bókina „Leitandinn“ um Ludvig Emil Kaaber sem hafði forystu um fyrstu samtök frímúrarara á Íslandi og leiddi störf fyrstu frímúrarastúkna í landinu. Mér kemur í hug að fyrir nokkrum árum að loknum fundi í Landsstúkunni rétti Jón mér bókina „Mikilhæfur höfðingi“ sem hann hafði tekið saman um forföður sinn, Ólaf Stephensen stiftamtman. Margt fleira ritað og kveðið liggur eftir þennan mikilhæfa bróður okkar.

Auk annars sat Jón í svonefndri laganefnd sem skipuð var haustið 2011 en tilgangur hennar er að fjalla um Grundvallarskipan Reglunnar, endurskoðun, leiðréttingar, túlkun ákvæða hennar og fleira. Þar naut yfirburðaðeðking Jóns sín vel og velvilji hans og lausnamiðuð nálgun mörkuðu störf hans þar.

Jón var sérstakur og einstakur, örlýndur og lifandi kvikur hugur hans heillaði menn. Hversu oft heyrðu menn ekki Jón segja með sérstakri áherslu: „Maður lifandi“ þegar hann brást við einhverju sem sagt var og því fylgdi athugasemd og skýring á því sem hann hafði um það að segja. Það var bjart yfir honum og framlag hans í þágu Reglunnar er ómetanlegt. Það er eftirsjá að Jóni Sigurðssyni úr bræðrahópnum og hans er saknað.

Jón átti við krabbamein að stríða síðustu árin, sem að lokum dró hann til dauða, en hann hafði einlæga trú og bar þjáningar sínar með þolinmæði og hann átti þá vissu von að hans biðu verðug laun að afloknu ósviknu dagsverki.

Allan Vagn Magnússon

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum

ÓKEYPIS
HEYRNAR
MÆLING!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Ertu með allt
á hreinu?



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • Sími: 553 1380

Grand Hótel Reykjavík, stærsta funda- og ráðstefnuhótel Íslands

Grand Hótel Reykjavík hýsir fjölda viðburða, meðal annars ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, stóra sem smáa fundi, verðlaunaafhendingar, fyrirlestra og fleira.

Salirnir henta einnig vel fyrir brúðkaup, samsæti, ættarmót, erfidrykkjur, móttökur eða aðrar veislur. Öll aðstaða og þjónusta er fyrsta flokks.

Grand Hótel Reykjavík er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að gera þinn viðburð, eins og þú vilt hafa hann.

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími: 514 8000 | info@grand.is | www.grand.is



Ljósmynd Jón Svavarsson

Útför Jóns Sigurðssonar

Útför br. Jóns Sigurðssonar R&K var gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. september 2021. Athöfnin var falleg og virðuleg, að frímúrarasið, fyrir fullu húsi eins og sóttvarnareglur leyfðu.

Sr. Kristján Björnsson, ÆKR, og sr. Örn Bárður Jónsson, fyrrverandi ÆKR, þjónuðu fyrir altari og fluttu minningarorð.

Bræður úr Glitni, stúku br. Jóns, stóðu heidursvörð við athöfnina.

Fræðaðing á Akureyri 19. mars 2022

Laugardaginn 19. mars 2022 verður haldið veglegt fræðaðing á Akureyri í samstarfi Fræðslunefndar Reglunnar, stúknanna á Akureyri og RS Snorra. Tímamótaviðburður, sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Á dagskránni verða afar áhuga-verð og spennandi erindi um innihald, tákn og fræði eftirfarandi stiga: Jóhannes I, Jóhannes II, Andrés IV/V, Kapítuli VII – frá morgni til kvölds.

Rannsóknarstúkan Snorri og St. Jóh.st. Rún verða með fund á I° kl 19:00 þar sem allir bræður eru boðnir velkomnir. Flutt verður fróðlegt rannsóknarerindi, sem tengist frímúrarastarfinu á Akureyri.

Dagskráin verður kynnt nánar á næstu vikum á vefsíðu Reglunnar.

Bræður!

Takið daginn frá og merkið í dagatalið.

Nýtt skráningarkerfi fyrir móttökur í húsum Reglunnar

Í upphafi þessa starfsárs var tekið í notkun nýtt skráningarkerfi fyrir móttökur í húsum Reglunnar. Kerfið leysir af hólmi útgáfu annars kerfis, en verulegir gallar voru orðnir á notkun þess. Nýja kerfið er tengt uppfærðu skráningarkerfi á vef Reglunnar, þannig að hægt er að nota það til blands við rafrænar skráningar á vef eða skráningar í móttöku. Nýja kerfið mun einnig sjálfkrafa keyra út uppröðunarlista við borðhald, ásamt fleiri

nýjum kostum. Þetta nýja skráningarkerfi mun létta mjög alla vinnu embættismanna um allt land, nánast öll kvöld sem haldnir eru fundir.

Við þróun varðandi virkni og útlit var settur saman hópur Sm. sem réðu ráðum sínum varðandi bestu útkomuna sem kerfið gæti boðið upp á. 28. ágúst var kerfið síðan kynnt Sm. og öðrum embættismönnum. Sú kynning náði til allra stúkna, þar sem tæplega 100 bræður ýmist mættu í hús

Reglunnar við Bríetartún eða nýttu sér nettengingu.

Mjög almenn ánægja var með þessa kynningu og útlit og virkni kerfisins og ekki síður að öllum stúkum gæfist kostur á að skoða og meta kerfið og gætu komið með spurningar við hæfi.

Kerfið er komið í fulla notkun og eru allir sammála um að hér sé um að ræða mikla bragarbót á vinnu við skráningar.

Var höfundur Eglu platónisti?

Viðtal við Ragnar Önundarson

Síðla sumars spurðist að br. Ragnar Önundarson, fyrrverandi Stm. Gimli, væri sestur að hluta ársins í Suður-Evrópu og stundaði þar ritstörf um Egils sögu Skallagrímssonar. Kveikjuna að athugunum sínum segist hann hafa fundið í fræðum frímúrara. Frímúrarinn hafði samband við Ragnar og leitaðist eftir samtali um þetta athyglisverða verkefni og var tekið ljúfmannlega. Vitaskuld blasti fyrst við að spyrja Ragnar að hverju athuganir hans beindust.

Aldagömul tákni

„Tákni sem fyrir augu ber hafa fylgt mönnunum frá örófi alda. Tákni voru eðlileg nálgun að ólæsum fjöldanum þegar mikilvægum skilaboðum var komið á framfæri. Sama gilti um tölur og svo var beitt myndmáli, metaphor og loks dæmisögum. Ég gekk í Regluna 1975 og var í embættum í ein 30 ár. Nú eru því liðin 45 ár síðan ég varð meðvitaður um þennan frásagnarmáta. Á ungun aldri bjó ég við þau forréttindi að eiga afa sem lagði rækt við afkomendur sína. Hann bjó á neðri hæðinni og þangað leituðum við bræður á veturna, þegar hann var kominn heim úr vinnu. Þá kveikti hann á kertaljósnum í vinnuherbergi sínu og las fyrir okkur í rökkrinu, fyrst ævintýri, svo draugasögur þegar við höfðum aldri til og loks Íslendingasögurnar. Hann náði að lesa allar helstu sögurnar og Egils sögu oftast fyrir okkur. Hann skýrði fornt tungutak og við fengum tilfinningu fyrir málinu og merkingu orðstofna. Þegar ég komst á fullorðinsár og fór að rifja sögurnar upp þekkti ég efni þeirra. Af minni hét Ragnar Ásgeirsson og var lengst af ráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands. Hann var bróðir Ásgeirs Ásgeirssonar, forseta og Stórmeistara Reglunnar.“



Ragnar Önundarson.

Ljósmynd Guðmundur Viðarsson



Egill Skallagrímsson, sýndur á handriti frá 17. öld.

Klassísk menntun

Hvað beindi athygli Ragnars að tengslum frímúrararfræða við forn-sögurnar og þá einkum Eglu?

„Íslendingasögurnar voru skrifaðar af kristnum lærdómsmönnum. Við getum sagt að menntun þeirra hafi verið klassísk og af sama stofni og svipuðu efni og guðfræði samtímans. Það getur því ekki komið á óvart að merki finnist um rithefð Ritningarinnar í verkum þeirra. Við vitum að Sæmundur fróði Sigfússon lærði í Frakklandi, e.t.v. Sjartres-skóla, sem þá var leiðandi skóli í Evrópu. Við vitum að Loftur sonur hans var kvæntur norskri konungsdóttur, Þóru Magnúsdóttur „berfætts“. Sonur þeirra, Jón Loftsson í Odda, tilheyrði þannig konungsfjölskyldu. Það er því ekkert langsótt að Snorri Sturluson hafi lagt stund á það sem nefna mætti konunglegar íþróttir hjá fóstura sínum í Odda. Dómkirkjan í Niðarósi var í byggingu á ritunartíma Eglu. Þar var hirð konungs og því sannanlega fyrir hendi þekking á byggingarlist miðalda.

Við vitum að miðaldarit höfðu að geyma launsagnir, allegoríur, það var hefðin. Því hefur löngum verið haldið fram að Íslendingasögurnar hafi verið undantekning og hugmyndum um annað hefur ekki verið vel tekið. Nú hafa aðstæður hins vegar breyst. Fræðimenn Árnastofnunar og Háskóla Íslands hafa fundið klassísk stef í Egils sögu. Sagnaritarinn Philo frá Alexandríu, f. ca. 20 f.Kr., sagði sannleikann „fölginn í launsögninni en ekki í orðanna hljóðan“ og Sara Rappe, prófessor við University of Michigan, segir í bók sinni „Reading Neoplatonism“ að „hinn æðsti sannleikur var háður svo mikilli leynd að hann mátti ekki rita berum orðum inn í textann. Það var skylt að fela hann í táknum, tölum og myndmáli“. Það er því örðugt að finna heimildir. Fræðimenn Háskóla Íslands hafa sagt óhjákvæmilegt að beita aðferðum fornleifafræðinnar.

Ég get sagt frá nokkrum dæmum sem sýna um hvað þetta snýst, en málið er alltof viðamikil til að ég geri meira að sinni. Frímúrarar eru vanir þessum tjáningarmáta og veitist léttara en öðrum að lesa í táknið.“

Gegnumgangandi stef

En, getur Ragnar frætt okkur að eins nánar, eru þekkt dæmi um þennan skyldleika sem hann vísar til?



Plató á málverki eftir Raphael.

„Gegnumgangandi stef í mörgum Íslendingasögum eru „gömlu hjónin og sonur þeirra“ og „ungu hjónin og sonur þeirra“. Við þekkjum þetta úr Ritningunni, Zakarías og Elísabet voru gömul þegar Jóhannes skírari fæddist, en Jósep og María voru ung þegar Jesús fæddist. Við þekkjum vel að jörðinni er líkt við „móður“. Gömul móðir fékk merkinguna „gamla jarðlífið“ eða „gamla samfélagið“. Á sama hátt og konan var „jarðnesk“ var karlinn tákn „andlegra“ hluta. Gamall karl, m.a.s. prestur, táknar „gamla trúarsíðinn“. Unga konan, María, varð svo tákn „nýs og betra samfélags“ því sakleysið var tileinkað henni. Á sama hátt varð Jósep tákn „nýs og betri trúarsíðar“.

Synir þeirra voru gagnstæður: Jóhannes var „kappi“ sem ruddi nýjum síð braut. Hann varð „hrópandinn í eyðimörkinni“ sem krafðist breytinga. „Gjörð beinan veg drottins“ og „Gjörð iðrun“. Við vitum að enginn iðrast nema hafa samvisku. Jesús er tákn hennar. Allt sem hann boðaði er af henni leitt. Þetta eru sem sé þrjár kynslóðir sem hver um sig tákna eitt stig í þroskaferli manns: Lærlingur, sveinn og meistari lýsa því. Á ritunartíma Íslendingasagna og í tíð forn-

kirkjunnar fram eftir miðöldum var skiptingin „vantrúaður“, „trúnemi“ og „upplýstur“. Kynslóðirnar í Egils sögu eru þrjár og lýsa þessu. Egill byrjar líf sitt með miklum óhæfuverku og veldur miklum þjáningum. Síðar gerist hann „trúnemi“ og verður sjálfur þjáður. Eftir það breytist hann, þó erfiðar arftekningar eigindir búi enn í honum.

Hvað þeir eiga sameiginlegt, kapparnir Jóhannes skírari, Grettir Ásmundarson og Björn Hítðælakappi? Allir eru þeir „synir gömlu hjónanna“, þ.e. gamla trúarsíðarins og gamla samfélagsins. Allir eru undanfarar breytinga, ógnandi, uppreisnargjarnir óróaseggir, svonefndir „kappar“. Allir voru þeir gerðir höfðinu styttri. Grettir og Björn voru reyndar fyrst vegnir. Hvað var svo gert við hausana? Ég segi eins og fréttamennirnir, ég vara við því sem nú kemur: Allir voru þeir færðir „móður“. Af Móður jörð var breyskleiki og uppreisnareðlið komið og til Móður jarðar skyldi það aftur hverfa. Egill leysir hins vegar höfuð sitt. Um það mun ég fjalla þegar ég er sestur við skriftir.“

Með bók í smíðum

Og um leið játar Ragnar því að stefna á að afrakstur þessara rannsókna komi í fyllingu tímans út á bók.

„Við hjónin höfum tryggt okkur húsnæði í Suður Evrópu og ætlum að vera þar hálf tveim árið a.m.k. næstu tvö árin. Ég hef einsett mér að sitja við og koma því sem ég hef frá að segja um þessi efni á blað.“

Í aðalatriðum skipta þau hjón dvöl sinni þannig milli Íslands og Suður-Evrópu að þau fara þangað suður þegar haustar. Síðan þegar nær dregur jólum koma þau aftur til Íslands og Ragnar hyggst koma á jólafund í stúku sinni, Gimli. Útmánuðum er svo varið þar syðra við rannsóknir og eftir atvikum annað sem hugurinn stendur til á þeim slóðum. Loks koma þau heim þegar vorar og dvelja í hinu íslenska sumri.

Við þökkum Ragnari spjallið og óskum honum góðs gengis um leið og við væntum áhugaverðrar frásagnar hans um hugmyndatengsl þessara fornu heima, sem hingað til hafa ekki átt upp á pallborðið hjá hinu svonefnda fræðasamfélagi.

Þórhallur Birgir Jósepsson

ALVÖRU BJÓR OG LÍKA 0,0%





Ljósmynd Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir

Hefðir og venjur við jólahald

Ástæður þess að fólk heldur jól á Íslandi eru margvíslegar. Sumir gera það til að fagna fæðingu frelsarans, aðrir til að fagna því að daginn fer að lengja á ný og enn aðrir vegna þess að það er hefð fyrir því í þeirra fjölskyldu.

Hefðir eru oftast af hinu góða en kannski eru þær líka að festa okkur í viðjar vanans. Hefðir, eða kannski bara venjur á mínu æskuheimili, voru mjög formfastar. Mig langar að rifja upp aðfangadag þegar ég er sjö ára.

Pabbi sótti okkar fyrsta litasjónvarp á aðfangadagsmorgun árið 1980 og ég sat hugfangin og horfði á teiknimyndir í lit á meðan eldri systkinin sýsluðu við sitt og mamma og pabbi hófu jólaundirbúninginn. Eftir hádegi fór ég svo með pabba í kirkjugarðana til að kveikja á kertum og fara með skreyttar greinar á leiði ástvina. Svo sóttum við móðurömmu mína og hún hafði ofan af fyrir mér með spilum.

Amma fylgdist vel með tímanum og spiln voru lögð til hliðar hálf sex, því klukkan sex varð stundin heilög og það mátti ekki snerta á spilum fyrr en annan í jólum, svona var hennar hefð, vani eða uppeldi, en hún var guðhrædd kona fædd árið 1900.

Matseðillinn var alltaf sá sami; aspássúpa með rún-

stykki sem var sérstaklega pantað með fyrirvara í Björnsbakaríi, hamborgarhryggur og eplasalat með rauðbeðum og rjóma ásamt öðru hefðbundnu meðlæti. Í eftirrétt var ananasfrómas og svo undir miðnætti var „brúðkaupsterta“. Ekki kann ég skil á því hvers vegna þessi tiltekna terta fékk þessa nafngift, en tertan hafði sinn fasta sess og það eina sem ég man varðandi þessa tertu er hve óskaplega mikið maus það var að setja hana saman, stress að þeyta eggjarauðurnar, brúna möndlurnar og koma þessu á kremið sem þakti tertuna. Jú, og líka hve sérlega þurr og óspennandi þessi terta var. Einnig fannst mér þessi ananasfrómas ofmetinn.

Það eftirminnilegasta við jól æsku minnar var þegar kirkjuklukkurnar í Neskirkju, Landakotskirkju og Dómkirkjunni ómuðu inn um gluggann klukkan sex á aðfangadag og pabbi sótti frímúrarakerfið sitt, kveikti á því og gekk svo með það um stofuna og kveikti á öllum öðrum kertunum sem áttu að loga þessa heilögu stund. Á þessu augnabliki var sem kyrrð færðist yfir allt, sama kyrrð og færðist yfir þegar stirnir á nýfallna mjöll í tungsljósi eftir dimman kafaldsbyl. Að borðhaldi loknu las pabbi svo fyrir okkur jólakveðjur af

jóla kortunum og áður en nokkur fékk að opna jólagjöf, las hann Jóluguðspjallið. Enginn dæsti eða lét óþolinmæði í ljós, þetta var hefð.

Jólahefðir hafa einnig skapast hjá mér og mínum hér í Skorradalnum. Matseðill okkar hjóna var í fyrstu sá sami og á mínu æskuheimili, nema ég gerði eplasalát eins og tengdamamma með smá tvisti, bara epli og smá sýrðan rjóma út í svo salatið héldist ferskt daginn eftir, bæði mömmu og tengdó fannst ég hafa eyðilagt eplasalatið, ég skapaði nýjan vana. Núna er aspásúpan fastur liður í okkar jólahaldi í hádeginu á jóladag eða annan í jolum. Fer eftir hversu viljug ég er. Aðlögunin frá því að jólahátíðin hæfist stundvíslega klukkan sex á aðfangadag yfir í að hún hæfist þegar komið væri úr fjósi voru mikil viðbrigði fyrir mig. Maturinn fór á borðið þegar allir voru tilbúnir og maturinn tilbúinn en ekki klukkan sex með tilheyrandi stressi að allir væru sestir og orðnir þöglir, sötrandi súpu undir predikun dómkirkjuprests. Þetta var bara svolítið notalegt, mér fannst samt ákveðinn missir að sitja ekki yfir matnum og hlusta á jólamessuna. Fyrst eftir að kýrnar fóru héðan frá Grund reyndi ég að koma á þeirri hefð af mínu æskuheimili að jólahaldið hæfist klukkan sex og þá ættu allir að vera þrúðbúnir, brúnuðu kartöflurnar gullgljáandi og frímúrarakerði á sínum stað. (Ég giftist nefnilega frímúrara, en ég held að það sé hvorki að skapast hefð né vani fyrir því í þessari fjölskyldu). Ég hef haft ellefu ár til að koma þessari hefð á laggirnar og það hefur ekki enn tekist. Ég saknaði þess af mínu bernskuheimili að hefja ekki jólahaldið við matarborðið á slaginu sex og hlusta á jólamessuna. Pétur þurfti að aðlagast því að vera ekki í fjósi og tutla beljur þegar jólin hringdi inn í útvarpinu sem ómaði svo friðsælega í takt við mjaltartækin. Hefðir og venjur vilja festa okkur í skoðunum.

Einhver jólin gleymdi ég að sjóða hamborgarhrygginn og fattaði það klukkan fimm. Þessi tiltekni aðfangadagur var sá eftirminnilegasti fyrir þær sakir að það var allt svo notalegt. Við borðuðum þegar maturinn var tilbúinn og þegar við byrjuðum að skoða gjafirnar undir trénu voru fjölskyldur okkar í Reykjavík búnar að opna sínar gjafir og hringja og þakka fyrir sig. Síðan þá höfum við bara lagt áherslu á að vera komin í okkar bestu fót áður en messan byrjar og kveikja á messunni til að missa ekki af einu einasta orði, meðan hrært er í sósu eða skorin niður epli. Við setjumst svo að borðum í rólegheitum, oftast þegar messu er lokið og ég hef fellt nokkur tár í sósunum vegna söknuðar og gleði þess liðna og núverandi stundar. Það er í raun orðin hefð fyrir því að ég tárast svolítið yfir hátíðirnar, já eða vani. Það er eitthvað sem gerist þegar við bregðum út af hversdagsleikanum, allir hjálpast að við að leggja lokahönd á jólamáltíðina, eru í sínu fínasta þússi og kyssa og knúsa hvort annað með ósk um gleðileg jól og við fögnum fæðingu frelsarans, leiðtoga lífsins.

Frá upphafi árs 2020 til dagsins í dag hafa aðstæður svo sannarlega hrært upp í öllum hefðum og venjum

sem við jarðarbörn höfum skapað okkur, hvort heldur í kringum afmæli, páska, jól eða ákveðna helgi að sumri.

Í nóvember í fyrra stóðum við í framkvæmdum sem höfðu í för með sér þó nokkuð rask. Ég sá fyrir mér að í desember það árið væri ég komin með nýja góða glugga, fallegar gluggakistur, sem hafa ekki verið frá því húsið var byggt árið 2001. Ég sá fyrir mér fallega skrautmuni og jólaljós og ímyndin var slegin dýrðarljóma. Raunin varð sú að það kláraðist að setja gluggana í en annar frágangur beið. Svo í haust fæ ég málara til leggja lokahönd á frágang og mála vegg og loft og gera gasalega fint fyrir mig. „Já, það er október núna, hmmm... desember“. Þarna stoppaði ég þessa yndislegu manneskju og sagði: „Heyrðu, gerum þetta bara í janúar, það koma alveg jól þó það sé allt ómálað, bert gifs og enginn stíll yfir þessu, það voru alveg jól í fyrra.“ Verkefnalistar fyrir jól eru nefnilega hættulegustu verkefnalistarnir. Í fyrra var minn listi að mála stofuna, svefnherbergið, eldhúsið, baka sörur, spesíur, súkkulaðibitakökur, steikja laufabrauð, taka til, þrifa gólf, kaupa gjafir og velja þá fullkomnu fyrir hvern og einn. Þetta voru áform mín í byrjun adventu þegar ég áttaði mig á því að ég var á villigötum. Allt átti að vera tilbúið áður en prófum lyki hjá okkar tveimur elstu svo þau kæmu heim í hið fullkomna umhverfi sem ég var búin að búa til í höfðinu. Hugmyndin um fullkomna umgjörð í kringum samveru okkar fjölskyldunnar blindaði mig fyrir raunveruleikanum. Ef ég ætlaði að vera með börnunum mínum og eiginmanni á þann hátt sem við njótum okkar best, þá var ég ekki að fara að vinna mig niður listann sem var svo einfaldur í huga mér, ég hefði klárað alla andlega og líkamlega orku. Reyndar tókst mér það, því ég gleymdi mér í þeim vana að hafa allt „eins og það á að vera“, samt málaði ég ekki! Ég veit að mér mun ganga betur þessi jólin að slaka, njóta og sleppa verkefnalistanum (næstum því).

Jólahefðir og aðrar hefðir eða venjur eiga að mínu mati að skapast í kringum það sem veldur okkur vellíðan en ekki í kringum eitthvað sem hefur alltaf verið. Stærstu sigrarnir á þessu og síðasta ári voru að finna mörkin og setja mér mörk og sýna mér mildi. Þessa jólahátíð ætla ég að njóta samveru með mínu fólki, hundinum og sjálfri mér. Verja tíma utandyra og innandyra við það sem er skemmtilegt og vekur ánægju. Ef eitthvað af þessu verður að nýrri venju eða hefð þá er það frábært, því þá tengjum við fjölskyldan það við góða minningu.

Megi jólahátíðin verða ykkur friðsæl og ánægjuleg.

Með hlýrri kærleikskveðju,

Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir.



Bræður fjölmenntu á fræðapíngið.

Ljósmynd Jón Svavarsson

Fjölmennt og vel heppnað Fræðapíng Andrés IV/V

Fræðslunefnd Frímúrarareglunnar efndi til fræðapíngsins Andrés IV/V stig, sunnudaginn 17. okt. sl., í hátíðarsal Regluheimilisins í Reykjavík.

Píngið sem var opið öllum bræðrum sem hlotið hafa frömun til IV/V stigs var líklega fjölmennasti viðburðurinn á vegum Reglunnar árið 2021. Ráðstefnustjóri píngsins var Einar Kristinn Jónsson (IX), formaður Fræðslunefndar.

Sigurður Kr. Sigurðsson, DSM, flutti setningarávarp píngsins og sagði m.a. að fyrir rúmum fjörutíu árum þegar hann gekk í Regluna „...var ekki boðið uppá jafn glæsilega og vandaða fræðslu og nú er í boði, það hefði verið aldeilis fengur í að fá þann fróðleik sem nú er á boðstólum, þannig að það er rík þörf fyrir alla bræður ekki síst þá sem eldri eru og lengra komnir, að njóta og meðtaka það sem í boði er í dag.“

Í lokaávarpi píngsins tók Guðmundur Kr. Tómasson, YAR, Oddviti Fræðaráðs, saman kjarna hvers erindis og tengdi saman ólík sjónarhorn

sem hvert með sínum hætti endurspeglaði þýðingu og mikilvægi St. Andrésarstiganna.

Fyrirlesararnir: Lárus Grétar Ólafsson (IV/V), Grétar Björn Sigurðsson (IX), Jón Sævar Baldvinsson (VIII), Eðvald Möller (X), Arnar Þór Jónsson (VIII) og Þórarinn Þórarinsson (X), náðu verðskuldaðri athygli bræðranna með innihaldsríkum og fræðandi erindum sínum. Eftir flutning hvers erindis og í lok píngsins svöruðu þeir spurningum áheyrenda.

Fræðslunefndin færir fyrirlesur-unum sína innilegustu þakkir fyrir þá miklu vinnu sem þeir auglýsilega höfðu lagt í gerð erindanna. En þau verða öll gefin út innan skamms og afhent Bókasafni Reglunnar.

Við undirbúning og framkvæmd píngsins naut Fræðslunefndin góðrar aðstoðar og ráðlegginga fjölmargra bræðra, nefnda og stofnana Reglunnar, eins og t.d. Vefsíðunefndar, Ljósmyndasafnsins, Tæknisviðs, Kastalavarða og starfsmanna Stjórnstofu. Auk þess lögðu margir aðrir bræður

fram krafta sína og aðstoðuðu. Fræðslunefndin færir öllum þessum bræðrum sína bestu þakkir.

Viðburðir á vegum Fræðslunefndar 2022

Áður en pínginu var slitið kynnti Einar Kristinn Jónsson form. Fræðslunefndar, aðra fyrirhugaða viðburði Fræðslunefndar starfsárið 2021 til 2022, sem eru eftirfarandi:

23. janúar 2022. Regluheimilinu Reykjavík: Fræðapíngið Kapítuli VIII.

19. mars 2022. Stúkuhúsinu á Akureyri: Fræðapíngin: Kapítulinn, St. Andrés, St. Jóhannes og í samvinnu með St. Rannsóknarstúkunnunni Snorra I° fund.

3. apríl 2022. Regluheimilinu Reykjavík: Ráðstefna, opin öllum bræðrum, fjölskyldum þeirra og vinum, um eina af stærri áskorunum heilbrigðisþjónustunnar, Alzheimer sjúkdóminn.



Ljósmynd aðsend

Frá vinstri: Henning Worm X°, Oscar, Rune Andersen IX°, Oscar, Guðmundur Jónsson IX°, Vm. Oscar, Jón Ásgeir Eyjólfsson X°, Stm. Hlínar, Jørund Olav Gustavsen, Stm. Oscar og Guðjón Elías Davíðsson VIII°, Sm. Hlínar.

Ferð til Osló á innsetningu Stólmeistara „Oscar til den flammende stjerne“

Þann 4. nóv sl. lögðum við af stað í bítíð 2 bræður úr Hlín til Osló. Ástæða ferðar okkar var sú að okkur hafði verið boðið að vera við innsetningu á nýjum Stólmeistara St. Andrésarstúkunnar Oscar til den flammende stjerne. Þessi stúka er elsta Andrésarstúkan í Noregi eða rúmlega 180 ára gömul og er vinarstúka Hlínar en í þeirri vináttukeðju eru einnig Cubus Fredrici Septimi í Kaupmannahöfn og Stúkan Corfitz í Malmö. Þessar stúkur hafa um árabil skipst á heimsóknum hvor til annarrar og ræktað á milli sín vináttu og bróðurþel.

Stórmeistari Frímúrarareglunnar í Noregi, Ragnar Tollefsen, stýrði athöfninni en boðsgestir voru 130. Alls telur fjöldi bræðra í stúkunni Oscari um það bil 2.000. Nýi Stólmeistarinn, Jørund Olaf Gustavsen, er þriðji Stólmeistarinn sem við höfum ræktað samband við. Fráfarandi Stólmeistari stúkunnar, Geir Kr. Landsverk, hefur oft heimsótt okkur, annað hvort einn eða með hóp af bræðrum og systurum með sér. Margir

bræður minntu mig á ferð þeirra hingað þegar Hlín var 25 ára og þeir upplifðu ýmislegt skemmtilegt, meðal annars heimsókn á Bessastaði. Á það var minnst að áhugi væri fyrir hendi að heimsækja okkur á næsta ári þegar Hlín verður 30 ára og tókum við að sjálfsögðu vel í það.

Athöfnin var hátíðleg og ekki ósvipuð því sem við þekkjum en borðhaldið lengra og dálftið öðruvísi þar sem „tradisjónir“ voru viðhafðar með gjöfum og blómum. Matsalurinn er algjörlega stórkostlegur, alsettur gylltum skreytingum og stúkumerkjum. Lofthæðin er eflaust 10 metrar og gluggar og öll umgjörð eins og í konungshöll. Húsið er allt hið glæsilegasta svo og allir þeir salir sem í því eru.

Eftir matinn var borið fram kaffi og tertur í sölum fyrir framan matsalinn. Nýi Stólmeistarinn gekk á milli bræðra og skálaði við þá og tók á móti hamingjuóskum frá bræðrum sem óskuðu honum velfarnaðar í komandi starfi. Með okkur um kvöldið var íslenskur bróðir sem gegnt hefur

mörgum embættum í stúkunni, Guðmundur Jónsson, arkitekt, sem hefur búið um árabil í Osló.

Daginn eftir var okkur boðið til hádegisverðar af núverandi og fráfarandi Stólmeisturum. Tilefnið var að ákveða og fastsetja upptöku íslensks bróður sem býr í Osló en hann verður tekinn upp í Hlín í Osló. Þetta hefur verið samþykkt bæði af íslensku og norsku Frímúrarareglunni. Þessi upptaka hafði verið á dagskrá áður en Covid-aldan olli því að þessu hafði verið frestað tvisvar. Nú var dagurinn ákveðinn og verður hann 10. febrúar á næsta ári. Ekki er að efa að einhverjir bræður muni leggja land undir fót til þess að vera viðstaddir þennan sérstaka atburð sem mun á sinn hátt undirstrika velvild og vinskáp á milli þessara stúkna.

Við viljum þakka okkar norsku bræðrum fyrir höfðinglegar móttökur.

Jón Ásgeir Eyjólfsson, Stm. Hlínar,
Guðjón Davíðsson, Sm. Hlínar

Afmæli

Ljósmyndir Eiríkur Finnur Greipsson



Séra Þórir Stephensen niráður

Þann 1. ágúst 2021 fagnaði séra Þórir Stephensen R&K r.k., f.v. ÆKR, 90 ára afmæli sínu. Vegna þessara tímamóta heimsótti St.R. bróður Þóri, en ekki með blómvönd eins og oft hefur tíðkast, heldur með kvittun fyrir greiðslu andvirðis blómanna, inn á styrktarsjóð Reglunnar, sem hann hafði óskað eftir, ef til stæði að færa honum blómvönd á þessum tímamótum.

Voru honum færðar kveðjur og einlæggar þakkir SMR og ÆR fyrir mikið og gott starf sem hann hefur innt af hendi í gegnum árin fyrir bræðurna og Regluna. Heimsóknin var mjög áhugaverð og ánægjuleg, enda hafði br. Þórir frá mörgu að segja og sýna St.R.

Br. Þórir gekk í St. Jóh.st. Mími þann 30. október 1978. Hann var vígður R&K r.k. þann 20. mars 1993. Meðal embætta sem br. Þórir hefur sinnt er Rm. í Mími, Yf.Km. og St.Km. í Landsstúkunni og sem ÆKR frá 2005 til 2009 er hann lét af embætti, þá á 78. aldursári.

Bróðir Þórir er giftur Dagbjörtu G. Stephensen, f. 16. maí 1927 og eignuðust þau þrjú börn og barnabörnin eru 5.



Werner Ívan Rasmusson niráður

Þann 26. febrúar 2021 fagnaði br. Werner Ívan Rasmusson R&K r.k. níutíu ára afmæli sínu. Þegar St.R. hugðist heimsækja br. Werner þá reyndist það ekki gerlegt enda hann staddur í sumarbústað sínum „fyrir austan fjall“ eins og það er orðað. Þrátt fyrir nokkrar tilraunir þá tókst þeim ekki að tengjast fyrr en á aðventunni! Færði St.R. br. Werner blómvönd frá SMR og ÆR í tilefni þessa merka afmælis, með einlægri þökk fyrir framlag hans til reglu-starfsins og bræðranna.

Það voru glöð og kraftmikil hjón sem tóku á móti St.R., þau Werner og Kristín. Var sérlega gaman að fara yfir fjölmarga hluti í lífshlaupi þeirra og störf Werners í R. en einnig þjónustustörf Kristínar á árum áður í Regluheimilinu.

Br. Werner gekk í St. Jóh.st. Eddu þann 18. febrúar 1958. Hann var vígður til R&K r.k. 23. mars 1997. Gegndi hann fjölda embætta í St. Andr.st. Helgafelli, þ.m.t. embætti Stm. Árið 1996 var hann skipaður í embætti St. Stú.M. Landsstúkunnar og gegndi því embætti til ársins 2002.

Br. Werner er giftur Kristínu Sigurðardóttur. Werner á fimm börn frá fyrra hjónabandi og 8 barnabörn. Kristín á tvö börn og 8 barnabörn, einnig af fyrra hjónabandi.



Pétur Kjartan Esrason áttæður

Br. Pétur Kjartan Esrason R&K r.k. f.v. YAR, fagnaði 80 ára afmæli sínu þann 25. nóvember 2021. Vegna þessara tímamóti heimsótti St.R. br. Pétur og færði honum blómvönd með einlægum hamingjuóskum og þökk fyrir hans kraftmikla og góða starf, frá SMR og ÆR.

Það er aldrei lognmolla í kringum br. Pétur og samræður við hann einkennast af því að hann brennur í skinninu fyrir framgangi Reglunnar og heill bræðranna. Hann liggur ekki á skoðunum sínum og umræður verða litskrúðugar og fjörugar. Það er jafnframt augljóst að hann er þakklátur fyrir þau tækifæri sem honum hafa gefist í starfinu fyrir R.

Br. Pétur Kjartan gekk í St. Jóh. st. Gimli 11. febrúar 1963. Hann var vígður til R&K r.k. 21. mars 1998. Meðal þeirra embætta sem hann hefur gegnt er Y. og E. Sm., St.Sm., RMR, ÁMR og YAR sem hann gegndi frá 2010 til 2016 er hann lét af embætti sökum aldurs.

Pétur Kjartan er giftur Ásthildi Helgadóttur. Þau eiga einn son og eina sonardóttur.



Ljósmynd Unsplash/Bill Fairs

Um geitafórnir til heiðurs Ba'al og ákvæði 55/2013 um velferð dýra

Frímúrarar eru síst óvanir því að rangt sé farið með tilgang og fyrirkomulag starfsemi þeirra og hún gerð tortryggileg – jafnvel í vandaðri fjölmiðlum, en óvandaðir fjölmiðlar út um allan heim hafa í áraradur stundað að birta greinar og seríur um skuggalega valdabaráttu og launum hjúpaða starfsemi og kynt þannig undir fjölmargar samsæriskenningar sem lesendur gleypa oft hratt og vel við, enda oft þrælsþennandi kenningar, þótt þær eigi sér sjaldan fót í raunveruleikanum. Lesendum til varnar, hafa þeir sjaldnast neinar sannanir fyrir öðru en að blaðamenn fari með rétt mál, og trúá því gjarnan því sem sent er í prentun.

Elsta bræðralag heims er því öllu vant í þessum málum og hristir jafnan slíkar samsæriskenningar af sér eins og önd vatn.

Uppspunnin geitarfórn

Þegar efni er ritað í opinbera miðla eins og blöð eða tímarit, er ágætt að gera ekki ráð fyrir því að allir séu með sama skopskyn og blaðamaður sjálfur. Fólk les blöðin með mjög mismunandi fyrirvörum og af mismikilli tortryggni. Þegar blaða-

maðurinn Kristinn Hauksson skrifaði litla frétt um innsetningu nýs Stórmeistara árið 2019 fyrir Fréttablaðið, má ímynda sér að hann hafi bætt við smá línu sem honum hafi sjálfum fundist myndin, hann síðan lokað skjalinu og sent fréttina til birtingar með örlítið glott á vör.

Orðrétt stendur í henni:

„Nýr Stórmeistari Frímúrareglunnar var kynntur í gær, en það er Kristján Þórðarson augnlæknir. Hann tekur við stöðunni af Vali Valssyni sem hefur setið síðan 2007. Undanfarið hafa Frímúrarar leiðrétt þann misskilning sem ríkir um að reglan sé leyndarklúbbur auðmanna sem stýri samfélaginu með vélabrogðum. Þetta sé karlklúbbur sem snúist um góðgerðarmál og náungakærleika. Innsetning Kristjáns mun fara fram við Bríetartún þann 26. október, og í kjölfarið verður veislustúka þar sem geit verður fórnað guðinum Baal.“

Mislukkaður brandari?

Nú. Þótt þetta teljist kannski ekki vandaðasta blaðamennska í heimi, má eflaust ætla að höfundur hafi ekki gengið neitt illt til, munurinn á alvöru fréttum og skoðana- og grínþistlum

er svo sannarlega til staðar í flestum blöðum, og lesendur læra oft af stíl blaðamanna og uppsetningu þegar farið er með mál á léttari hátt en annars, og taka setningar sem þessar mátulega alvarlega fyrir vikið. Þetta er kannski heldur ekki vel heppnaður brandari og sýnir viðfangsefninu takmarkaða virðingu, en höfundur hefur eflaust séð hann sem lítinn leik með þrautseigar mýtur.

Orð bera ábyrgð

En eins og til að sanna fyrir alheiminum að orð bera ábyrgð, og að ekki er við því að búast að allir skilji þegar hlutir eru skrifaðir af léttuð, höfðu þessi skrif eftirmál og afleiðingar.

Einhver sá þetta ekki sem grín. Og á skrifstofu við Austurveg á Sel-fossi hringdu viðvörunarbjöllur. Geitafórnir, hvort sem þær eru helgaðar guðinum Ba'al eða ekki, eru nefnilega hið alvarlegasta mál. Um slátrun dýra eru gildandi lög í landinu sem þarf að fara eftir. Og við slíkar athafnir þarf að gæta hreinlætis og hafa öll tilskilin leyfi. Og eftirlit með þeim lögum er í höndum ríkisstofnunar sem tekur hlutverk sitt alvarlega, eins og við er að búast og til ætlast.

Pannig barst Skrifstofu Frímúrarareglunnar í kjölfar þessarar fréttar alvöru opinber fyrirspurn frá Matvælastofnun með fyrirsögninni „Geit fórnað“ sem hljómaði svona:

„Góðan daginn.

Ábending barst í dag um frétt sem birtist á bls. 8 í Fréttablaðinu 9. október s.l. þar sem fjallað er um af Kristni Haukssyni blaðamanni um Frímúrararegluna en í fréttinni segir m.a. orðrétt „og í kjölfarið verður veislustúka þar sem geit verður fórnað guðinum Baal.“

Matvælastofnun óskar eftir því að fá upplýsingar um hvort ofangreind frétt sé rétt og hvort geit hafi verið fórnað.

Ef svo reynist vera má búast við frekari fyrirspurnum frá stofnuninni.

Ástæða fyrirspurnarinnar er ákvæði í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, ákvæði í reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár sem og ákvæði í reglugerð um vernd dýra við aflífun.“

Undir bréfið skrifaði héraðsdýralæknir Suðvesturumdæmis fyrir hönd Matvælastofnunar.

Misgáfulegt rugl

Erindreki Reglunnar, sem sinnir mjög margvíslegum störfum fyrir Regluna eins og hér sannast kannski einna best, varð fyrir svörum og náði að fullvissa héraðsdýralækni um að engum geitum hafi verið fórnað á þessum ágæta og fallega fundi og að það sé alls ekki siður Frímúrara almennt, þvert á mótí líti Frímúrarareglan á það sem grunnskyldu sína að starfa ötullega innan ramma íslenskra laga eins og þau leggi sig, og að aldrei hafi verið nein hætta á því að hún gerðist brotleg gegn ákvæði 55/2013 um velferð dýra.

Var það svar tekið fullgilt og erindinu lokað. Eftir situr þó kannski pínulítið skemmtileg saga, lítil lexía um að orð beri ábyrgð, og sú staðreynd að við eigum enn langan veg fyrir höndum til að hreinsa orðstír Frímúrarareglunnar af öllu því misgáfulega rugli sem hefur verið borið á hana í gegnum tíðina. Geitur geta áfram og um ókomna tíð sofið rólegar yfir því að örlög þeirra, hver sem þau kunna að vera, verða aldrei að leika aðalhlutverk í grimmilegri fórn við Briartartún.

Pétur Sigurþór Jónsson

Námskeið fyrir embættismenn stúknanna

Framkvæmdanefnd Stúkuráðs og Fræðaráðs gekkst fyrir námskeiði fyrir Ræðumeistara og Leiðtoga í Regluheimilinu laugardaginn 16. október 2021. Þetta var síðasta námskeiðið í þeirri umferð námskeiða fyrir embættismenn starfsstúknanna sem hófst í mars 2019, en þá var haldið námskeið fyrir Stólmeistara, Varameistara og Aðstoðarmeistara. Í nefndinni sitja Eggert Claessen, Hallmundur Hafberg, Pétur A. Maack, Steinn G. Ólafsson og Jóhann Heiðar Jóhannsson, sem er formaður.

Námskeiðinu var skipt í tvennt þannig að fyrir hádegi mættu Ræðumeistarar og eftir hádegi Leiðtogar. Flutt voru erindi um almennar skyldur þessara embættismanna stúknanna, hlutverk og störf þeirra á fundum sem utan funda, eftir því sem við átti. Einnig var boðið upp á umræður þátttakenda innbyrðis og við þá sem fluttu erindin og sömuleiðis spurningar og athugasemdir um efni erindanna og almennt um störf embættismannanna í stúkunum.

Erindin voru samin og flutt af fyrirverandi embættismönnum með umtalsverða reynslu af stúkustörfunum. Þeir voru eftirtaldir: Bjarni Snæbjörn Jónsson, Eggert Claessen, Ei-

ríkur Leifsson, Helgi Magnússon, Ingólfur Karlsson, Kristján J. Svavarrsson, Pétur S. Jónsson, Símon J. Jóhannsson og Steinn G. Ólafsson. Ávörp og aðra fræðslu fluttu Hákon B. Sigurjónsson MBR, Lárus Ingólfsson frá Fræðslunefnd og Kristján Björnsson ÆKR.

Um 90 bræður komu að námskeiðinu á einn eða annan hátt, en þar af voru starfandi Ræðumeistarar og Leiðtogar frá stúkum í Reykjavík og í öðrum landshlutum um 70 talsins.

Í lok beggja hluta námskeiðsins fylltu þátttakendur út svonefnt „matsblað“ til að gefa nefndinni hugmynd um það hvort námskeiðið hefði verið gagnlegt og hvort það hefði uppfyllt væntingar bræðranna og sömuleiðis til að gefa til kynna hvaða þættir þess tókust best og hvað mætti betur fara. Svörin gáfu til kynna að námskeiðið hefði tekist mjög vel og gert sitt gagn að mati þátttakenda, þó að einstaka atriði mætti auðvitað bæta.

Jóhann Heiðar Jóhannsson,
formaður Framkvæmdanefndar um
námskeið.

**Minningarkort
bræðranefndar fást á
www.frmr.is**



Höfðingleg gjöf sem endurspeglar viljann til góðra verka

Nú um alllangt skeið hefur starfið í Reglunni átt undir högg að sækja vegna samkomutakmarkana og bræður ekki átt þess kost að eiga samverustundir líkt og áður innan veggja Reglunnar og ekki síður utan hennar, í sínum vinahóp eða með fjölskyldum sínum.

Á sama tíma hefur þörfin fyrir kærleiksríka aðstoð Reglunnar bæði til bræðra og við góð mannúðarmál-efni vaxið og aldrei verið meiri og því reynir nú meir en áður á framlög úr Frímúrarasjóðnum sem og úr sjóðum stúknanna.

1.500 geisladiskar

En kærleikur bræðra er áfram ríkur og því gleðiefni nú á þessum tíma að greina frá því að Reglunni hefur borist höfðingleg gjöf sem endurspeglar hug Reglubræðra til hvers annars og viljann til góðra verka.

Um er að ræða gjöf á 1.500 geisladiskum sem verða nú boðnir til sölu til allra bræðra sem og annarra velunnara Reglunnar, en söluandvirði þeirra rennur óskert til aukinna framlaga. Fara 80% af söluandvirðinu til styrktarsjóða allra stúkna og 20% til Frímúrarasjóðsins sjálfs. Svo sannarlega gjöf sem gefur áfram.

Geisladiskar þessir eru gefnir til minningar um látna bræður sem eru horfnir til Austursins eilífa, þá Árna Gestsson R&K í Glitni, Bolla Þóri Gústavsson í Rún og Örn Egilsson í Glitni. Megi minning þeirra sem og annarra horfinna bræðra lifa áfram um alla tíð.

„Það er svo margt“

Fyrri diskurinn er „Það er svo margt“, Minningarútgáfa, sungið í 30 ár með Smáarakvartettinum á Akureyri. Kvartettinn var einstaklega vel samsettur þar sem allrar raddir nutu sín til fullnustu, samhljómur þeirra með miklum ágætum enda allir söngmenn hans úr röðum Karlakórs Akureyrar. Yfirlætislausir iðn- og verkamenn sem fundu gleði lífsins í söngnum og leituðu samfylgdar hans allt til síns lokadagurs.



Ljósmynd Jón Svavarsson

Frá vinstri: Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson, Allan Magnússon, Skúli Lýðsson og Egill Örn Arnarson Hansen.

Um er að ræða veglega útgáfu sem inniheldur 26 lög, mörg hver aldrei áður gefin út, sem spanna feril þeirra auk bókar með textum og stuttri samantekt um sögu kvartettsins sem Rúnarbróðir okkar, Sr. Bolli Þórir Gústavsson heitinn, tók saman.

„Á ljúfu kvöldi“

Seinni diskurinn er „Á ljúfu kvöldi“ með Þór Breiðfjörð söngvara. Þór söng sig inn í hjörtu leikhúsgesta sem sóttu söngleikinn Vesalingana heim í uppfærslu Þjóðleikhússins og hlaut hin virtu verðlaun Grímuna fyrir leik sinn og söng. Hann telst vera sá Íslendingur sem mestum langtíma árangri hefur náð í hörðum heimi alþjóðlegra söngleikja og fór m.a. með mörg stærstu hlutverkin í uppfærslum á West End í London. Þá hefur hann komið fram í hefðbundnari leikhúshlutverkum og þar deilt sviði með sumum þekktustu leikurum Bretlands eins og Derek Jacobi, Jonathan Pryce og Timothy Dalton. Geisladiskur þessi er sannkölluð tónlistarveisla með lagavali sem samanstendur af þekktum dægurflugum, völdum söngleikjalögum og loks perlum í „krúner“-stíl sem voru aðalsmerki flauelsbarka á borð við Dean

Martin, Pertry Como og Frank Sinatra.

Tónlistarstjórn er í öruggum höndum Þorvalds Bjarna Þorvaldssonar auk valins hóps einstakra tónlistarmanna. Sérstakur gestur Þórs er Sigríður Thorlacius söngkona.

Í boði á vefsvæði Reglunnar

Báðir þessir diskar verða nú í boði á vefsvæði Reglunnar og leyfi ég mér fyrir hönd Reglunnar okkar að hvetja alla bræður til þess að nýta þetta tækifæri til þess að kaupa eintök enda um tilvaldar gjafir að ræða hvort heldur til vina, fjölskyldu sem og samstarfsmanna en með slíkum kaupum styrkja bræður áfram það góða starf sem þessir sjóðir sinna.

Gefendur eru Egill Örn Arnarson Hansen í Glitni og Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson í Mælifelli. Færir Reglan þeim þakkir fyrir hlýhug þeirra, gjafmildi og góðar óskir sem gjöfni fylgja.

Með bróðurlegri og kærleiksríki kveðju til allra bræðra í Frímúrarareglunni á Íslandi.

Skúli Lýðsson, ÁMR



Hreiðar Hreiðarsson.

Nýr Stj. bróðir St. Jóh.fr.st. Draupnis

Þann 4. maí síðastliðinn var br. Hreiðar Hreiðarsson settur í embætti Stj. br. St. Jóh. FS. Draupnis á Húsavík, af Stm. Rúnar, Kristni Eyjólfsyni.

Hreiðar fæddist á Húsavík 4. mars 1966 og ólst upp í foreldrahúsum þar. Foreldrar hans voru hjónin Alda Guðlaugsdóttir, verkakona frá Vestmannaeyjum og Hreiðar Sigurjónsson, bílstjóri frá Heiðarbót S.-Þing. Þau eru bæði látin.

Hreiðar lauk tveimur árum við framhaldsnám á menntaskólastigi, vann við fiskvinnslu, verslun og þjónustu. Hann hóf störf sem lögreglu- maður á Húsavík haustið 1988 og lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins vorið 1992. Hreiðar er í dag aðalvarðstjóri og stöðvarstjóri á Húsavík við embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Hreiðar gekk í St. Jóh.st. Rún og St. Jóh.Fst. Draupni 16. nóvember 1994. Hann starfaði sem 2.vR 1996-1997, 1.a.R FS 1997-1999, R FS 1999-2014, 1.vStj.Br. FS 2014-2021, Brn. form. 2014-2021 og sem Hms.Rúnar 2014.

Hreiðar er kvæntur Sigrúnu Herdísardóttur úr Mývatnssveit og eiga þau 2 börn. Þá á Hreiðar þrjú uppkomin börn frá fyrra hjónabandi. Barnabörnin eru fjögur.



Jón Salmannsson.

Nýr Stj. bróðir St. Jóh.fr.st. Drafnar

Þann 5. október síðastliðinn var br. Jón Salmannsson settur í embætti Stj.br. FS Drafnar af Stm. Rúnar, Daníel Guðjónssyni.

Jón fæddist á Siglufirði 3. mars 1972, sonur hjónanna Salmanns Kristjánssonar og Marsilíu Jónsdóttur. Hann starfaði hjá Símanum frá 1992 til 2005 eða þar til hann stofnaði fyrirtæki sitt SímvVerk og var að auki umboðsmaður Sjóváar til loka árs 2017 þegar hann hætti rekstri og hóf störf í Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar.

Jón gekk í St. Jóh.st. Rún og FS. Dröfn þann 3. desember árið 2003.

Hann gegndi embættum 1.v.E.Vbr Fs frá 2006 til 2009, Y.Vbr. Fs frá 2009 til 20012 og E.vbr. Fs 2012 til 20014. Síðan gerðist hann 1.vStj. Br. Fs á árunum 2014 til 2021. Í Brn. hefur hann starfað frá 2015 til 2021.

Jón er kvæntur Helgu Hermannsdóttur og eiga þau tvö börn og þrjú barnabörn og það fjórða er væntalegt í febrúar 2022.



Árni Esra Einarsson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Lilju

Þann 27. október síðastliðinn fór fram Stólmeistararkjör í St. Jóh.st. Lilju í Reykjavík. Kjörinn var br. Árni Esra Einarsson, og var hann settur í embættið af SMR Kristjáni Þórðarsyni þann 10. nóvember síðastliðinn.

Árni Esra er fæddur í Reykjavík 8. september 1966 og foreldrar hans eru Einar Esrason gullsmíðameistari og Kristín Árnadóttir skólastjóri. Hann lauk stúdentsprófi frá Kvenna- skólanum í Reykjavík árið 1986 og íþróttakennaraprófi frá Íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni árið 1988. Hann kenndi íþróttir í nokkur ár en síðan lá hugur hans í heim viðskipta og fyrirtækjarekstrar. Hann stofnaði auglýsingavörufyrirtækið Esra ehf. 1991. Árið 1993 sameinaðist Esra ehf. við Margt smátt ehf. undir nafni þess síðarnefnda og starfaði hann þar sem markaðsstjóri og hluthafi til ársins 2005 er hann keypti Margt smátt að fullu. Hann starfar þar enn ásamt 30 öðrum öflugum starfsmönnum.

Árni Esra gekk í St. Jóh.st. Gimli árið 1992 og starfaði þar sem v.SM og SM frá árunum 1995-2004 og sem Y.Stv 2004-2007. Hann er stofnfélagi nr. 2 í St. Jóh.st. Lilju og starfaði þar sem VM frá árunum 2012-2015 og frá árinu 2017-2021.

Árni Esra er í sambúð með Hrafnhildi Heimisdóttur og eiga þau fimm börn og tvö barnabörn.

Minningin lifir

Látnir bræður

31. október 2019 til 28. október 2021

Ljósmynd Einar Falur

Aðalsteinn Viðar Júlíusson, Rún R&K
F. 04.03.44 D. 03.03.2020

Aðalsteinn Vestmann, Rún X
F. 12.08.32 D. 09.05.2020

Andrés Ingi Magnússon, Hamar X
F. 31.10.38 D. 14.11.2019

Arnþór Ingólfsson, Edda X
F. 15.02.33 D. 16.05.2021

Ágúst H. Guðmundsson, Rún IX
F. 26.08.67 D. 01.01.2021

Ármann Gunnarsson, Akur IX
F. 01.01.37 D. 25.01.2021

Árni Marinósson, Edda X
F. 30.07.45 D. 12.10.2021

Benedikt Antonsson, Gimli X
F. 12.02.22 D. 14.10.2021

Birgir Lúðvíksson, Edda X
F. 03.05.37 D. 03.02.2021

Bjarni Lárentínusson, Akur X
F. 10.04.31 D. 30.05.2020

Bjarni Pétursson, Gimli X
F. 30.04.36 D. 29.10.2020

Björn Magnússon, Hamar X
F. 23.07.47 D. 08.10.2021

Björn Þórisson, Hamar X
F. 07.05.57 D. 04.04.2021

Bragi Níelsson, Akur III
F. 16.02.26 D. 13.06.2021

Eggert Bogason, Mímir IX
F. 15.07.39 D. 10.04.2021

Eggert Ólafur Eggertsson, Gimli X
F. 26.10.31 D. 15.04.2021

Einar Þór Ingvason, Hamar III
F. 24.08.57 D. 26.09.2021

Einar G. Sveinbjörnsson, Gimli IX
F. 22.12.36 D. 06.08.2021

Erling Sörensen, Njála X
F. 24.09.29 D. 19.02.2020

Eysteinn B. Guðmundsson, Mímir X
F. 11.09.41 D. 05.08.2020

Eysteinn Sigurðsson, Edda X
F. 11.11.39 D. 21.03.2020

Eysteinn Tryggvason, Glitnir VI
F. 19.07.24 D. 11.01.2021

Gestur Friðjónsson, Sindri X
F. 27.06.28 D. 08.12.2019

Guðjón Guðmundsson, Akur X
F. 18.12.29 D. 02.02.2021

Guðjón Guðmundsson, Sindri IX
F. 08.08.49 D. 18.06.2021

Guðmundur Kristinsson, Edda X
F. 29.08.44 D. 08.02.2021

Guðni Jónsson, Fjöltnir X
F. 31.08.42 D. 25.03.2020

Gunnar Árnason, Rún X
F. 01.03.38 D. 13.11.2020

Gunnar Þórir Guðjónsson, Edda IX
F. 07.07.45 D. 03.10.2020

Gunnar Oddsson, Edda X
F. 20.03.32 D. 06.01.2021

Gunnlaugur Stefán Gíslason, Hamar VIII
F. 28.07.44 D. 19.10.2021

Gunnlaugur Valdimar Snævarr, Edda X
F. 07.04.50 D. 18.09.2021

Hallgrímur Þór Hallgrímsson, Fjöltnir VIII
F. 08.04.44 D. 26.03.2021

Hallgrímur Pétursson, Hamar X
F. 09.11.25 D. 04.12.2019

Hannes Haraldsson, Rún X
F. 07.08.49 D. 01.09.2020

Hannes Guðni Jónsson, Edda X
F. 04.09.27 D. 24.07.2021

Haraldur Stefánsson, Mímir X
F. 22.01.37 D. 22.01.2020

Haukur Sölvason, Gimli IX
F. 20.10.40 D. 17.02.2021

Heimir Jónasson, Mímir VII
F. 13.04.66 D. 28.03.2020

Helgi Jónasson, Hamar X
F. 16.03.31 D. 12.08.2020

Helgi Jónsson, Röðull X
F. 09.02.28 D. 14.07.2020

Helgi Jóhann Kristjánsson, Sindri III
F. 19.10.54 D. 30.12.2020

Hermann Andrés Kristjánss., Njörður III
F. 11.08.66 D. 19.01.2021

Hólmsteinn Tómas Hólmsteinss., Rún IX
F. 21.06.51 D. 01.07.2021

Ingólfur Árnason, Edda X
F. 20.11.40 D. 22.05.2021

Ingólfur Páll Steinsson, Mímir X

F. 01.06.24 D. 25.08.2021

Jakob Steingrímsson, Mímir X

F. 20.12.43 D. 29.09.2020

John Snorri Sigurjónsson, Mímir VII

F. 20.06.73 D. 05.02.2021

Jóhann Guðmundsson, Mímir X

F. 14.11.36 D. 04.07.2021

Jóhann Líndal Jóhannsson, Sindri X

F. 25.11.30 D. 23.04.2020

Jóhannes Jónsson, Mímir IX

F. 19.02.45 D. 25.11.2020

Jóhannes Leifsson, Edda X

F. 06.07.20 D. 11.06.2020

Jón H. Bergs, Edda R&K

F. 14.09.27 D. 13.04.2020

Jón Brynjólfsson, Edda IX

F. 23.06.41 D. 11.10.2021

Jón Dan Einarsson, Gimli VII

F. 15.06.65 D. 04.03.2020

Jón Frímansson, Akur X

F. 16.10.32 D. 06.01.2020

Jón Gunnarsson, Edda X

F. 07.02.35 D. 18.05.2021

Jón Birgir Jónsson, Mímir R&K

F. 23.04.36 D. 21.08.2020

Jón Finnur Ólafsson, Röðull IX

F. 28.10.53 D. 21.05.2021

Jón Sigurðsson, Glitnir R&K

F. 23.08.46 D. 10.09.2021

Jónatan S. Klausen, Rún X

F. 03.02.27 D. 15.11.2020

Júlíus Gunnar Geirmundsson, Hamar X

F. 15.04.31 D. 03.05.2021

Kjartan T. Ólafsson, Röðull X

F. 24.07.24 D. 02.11.2020

Kristinn Georgsson, Rún IX

F. 31.12.33 D. 13.06.2021

Kristinn Pedersen, Mímir IX

F. 30.05.48 D. 28.08.2021

Kristján Ármann Antonsson, Edda X

F. 02.09.46 D. 18.08.2021

Kristján Einarsson, Fjöltnir VIII

F. 11.05.54 D. 22.12.2020

Kristján Jóhannesson, Gimli X

F. 06.12.48 D. 26.01.2020

Kristján Kristjánsson, Hamar X

F. 27.08.39 D. 12.03.2020

Kristján Steindórsson, Edda IV-V

F. 26.02.32 D. 15.02.2020

Kristján Þór Þórisson, Mímir VIII

F. 28.01.32 D. 09.11.2020

Kristmann Kristmannsson, Njála X

F. 24.12.39 D. 28.02.2021

Lárus Sigfússon, Gimli IX

F. 05.02.15 D. 13.05.2020

Magnús Sigurgeir Jónsson, Glitnir IX

F. 29.01.41 D. 17.06.2021

Magnús Ingi Magnússon, Edda IX

F. 19.05.60 D. 28.11.2019

Oddur Rúnar Hjartarson, Gimli X

F. 08.05.31 D. 04.08.2020

Olgeir Möller, Glitnir X

F. 15.07.28 D. 26.07.2020

Ólafur S. Th. Ingimundarson, Hamar X

F. 04.08.27 D. 31.12.2019

Ólafur Ormsson, Mímir VI

F. 16.11.43 D. 27.10.2021

Páll Júlíusson, Mímir X

F. 20.09.36 D. 27.02.2020

Pétur Björn Pétursson, Njörður X

F. 31.01.46 D. 07.03.2021

Ragnar Guðmundur Jónasson, Sindri X

F. 05.09.27 D. 07.11.2020

Ragnar Þ. Guðmundsson, Fjöltnir X

F. 14.11.29 D. 23.11.2019

Ragnar Á. Ragnarsson, Rún X

F. 21.06.36 D. 13.08.2020

Richard Hannesson, Gimli X

F. 09.04.32 D. 31.01.2021

Sigfús Ólafsson, Röðull X

F. 30.04.44 D. 28.01.2021

Sigmar H. Óskarsson., Mímir X

F. 17.12.52 D. 06.04.2020

Sigurður Jóhann Jóhannsson, Njála IX

F. 12.12.34 D. 19.08.2021

Sigurður Hallur Sigurðsson, Mælifell VIII

F. 11.02.67 D. 23.10.2020

Sigurjón Ari Sigurjónsson, Edda X

F. 04.09.37 D. 09.03.2021

Sigurlaugur Þorkelsson, Edda X

F. 27.04.24 D. 24.01.2020

Skafti Þórisson, Sindri X

F. 06.09.41 D. 29.06.2020

Snorri Edvin Hermannsson, Njála X

F. 02.04.34 D. 09.07.2020

Stefán Richter Gunnlaugsson, Gimli VIII

F. 06.03.41 D. 10.03.2020

Stefán Hjálmarsson, Njörður VII

F. 24.02.63 D. 31.08.2021

Stefán Kjartansson, Röðull X

F. 01.11.34 D. 17.12.2020

Steinar H. Geirdal, Sindri X

F. 04.01.38 D. 06.09.2021

Steingrímur Kristjánsson, Edda X

F. 21.10.26 D. 26.12.2020

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Rún VIII

F. 16.03.50 D. 14.01.2020

Sveinn Haukur Georgsson, Edda X

F. 17.12.29 D. 08.05.2021

Sveinn Þ. Guðbjartsson, Hamar X

F. 28.01.38 D. 01.09.2020

Sölvi V. Aðalbjarnarson, Edda X

F. 04.02.29 D. 04.07.2021

Vilhjálmur Einarsson, Vaka X

F. 05.06.34 D. 28.12.2019

Þorleifur Sigurlásson, Hlér IX

F. 16.03.30 D. 31.07.2021

Þormóður Helgason, Rún X

F. 04.06.27 D. 02.12.2019

Þórður Árni Björgúlfsson, Rún X

F. 02.05.18 D. 05.07.2020

Þórður Oddsson, Njörður X

F. 13.01.43 D. 28.12.2019

Örn Johnson, Mímir X

F. 28.09.43 D. 21.02.2021



TILBOÐ

2 fyrir 1

af margskiptum glerjum

PLUSMINUS | OPTIC

Smáralind - Sími 517 0317 - www.plusminus.is

Æðstu kennimenn Frímúrara- reglunnar 1951–2018, fyrri hluti

Allt frá því að frímúrarastarf hófst á Íslandi árið 1919, í fyrstu undir stjórn Dönsku Frímúrarareglunnar og síðar Frímúrarareglunnar á Íslandi frá stofnun hennar á árinu 1951, hafa prestar og biskupar tekið virkan þátt í hinu göfuga og uppbyggjandi starfi Frímúrarareglunnar og verið áhugasamir um framgang hennar hér á landi. Flestir þeirra hafa í gegnum árin valist til að vera kennimenn í stúkum sínum. Fyrst í svonefndum Jóhannesarstúkum, síðar í Andrésarstúkum og í Landsstúku Reglunnar. Í Landsstúkunni hafa þeir meðal annars gegnt embætti Stórkennimanns St.Km., embætti Yfirkennimanns Yf.Km., embætti Staðgengils Æðsta kennimanns SÆK og embætti Æðsta kennimanns Reglunnar ÆKR. Hér á eftir verður fjallað um þá biskupa og presta sem hafa gegnt embætti Æðsta kennimanns ÆKR frá stofnun fyrstu íslensku frímúrarastúkunnar, Jóhannesarstúkunnar Eddu.

Séra Sigurgeir Sigurðsson

Sigurgeir Sigurðsson biskup var fæddur á Eyrarbakka 3. ágúst 1890. Hann var sonur hjónanna Svanhildar Sigurðardóttur húsfreyju og Sigurðar Eiríkssonar, regluþóða Góðtemplara-reglunnar og organleikara. Sigurgeir lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol., frá Háskóla Íslands 1917. Var við nám í Englandi og Danmörku 1937-1938. Sigurgeir var vígður 1917 til að gegna störfum aðstoðarprests hjá séra Magnúsi Jónssyni á Ísafirði. Var skipaður til að gegna Ísafjarðarprestakalli ári síðar og prófastur í Norður-Ísafjarðarþófastsdæmi 1927. Sinnti jafnframt aukabjónustu í Ögurþingum og Staðarprestakalli um tíma. Séra Sigurgeir var skipaður biskup Íslands 1938 og gegndi því embætti til æviloka.

Séra Sigurgeir gegndi margháttuðum félags- og trúnaðarstörfum. Sat m.a. í skólanefnd og barnaverndarnefnd á Ísafirði. Var formaður Prestafélags Vestfjarða frá stofnun



Séra Sigurgeir Sigurðsson.

þess og formaður Skálholtsnefndar um tíma. Sótti marga fundi á erlendri grund fyrir hönd kirkjunnar. Auk biskupa- og prestafunda á Norðurlöndunum má nefna aðalfundi Kirknasambands Norðurlanda og fundi Alkirkjuráðsins í Lundi. Hann var fulltrúi íslensku kirkjunnar á 800 ára afmælishátíð erkistóls í Niðarósi. Hann skrifaði fjölda hugvekja og greina á sviði kirkjumála í Dansk-Íslensk Kirkesag, Kirkjuritíð, Kirkjublaðið og hin ýmsu tímarit og dagblöð. Var um tíma ritstjóri Kirkjublaðsins og tímaritsins Lindin.

Sigurgeir hlaut heiðursmerki og viðurkenningar fyrir störf sín bæði hér heima og erlendis. Má þar nefna Stórriddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu, Heiðursmerki lýðveldisstofnunar á Íslandi 1944, R. Dannebrogssorðunnar dönsku og Stk. Olavsorðunnar norsku. Hann var kjörinn Doctor of Humanities við háskólann í Norður-Dakota og Doctor theol. honoris causa við Wagner háskólann í New York. Hann var heiðursfélagi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi.

Séra Sigurgeir gekk í Jóhannesarstúkuna Eddu 11. janúar 1923 og síðar í Andrésarstúkuna Helgafell. Varð Riddari og Kommandör R&K 21. júlí 1951. Gegndi embætti Æðsta kennimanns ÆKR 1951-1953 og sat í Æðsta Ráði Reglunnar ÆR. Sigurgeir hlaut heiðursmerki Jóhannesarstúknanna Eddu og Njálu ásamt því að hljóta Kommandörkross I Nordstjärna-orðunnar sænsku.

Sigurgeir biskup andaðist 13. október 1953. Eiginkona hans var Guðrún Pétursdóttir húsfreyja. Þau eignuðust fjögur börn.



Séra Magnús Jónsson.

Séra Magnús Jónsson

Séra Magnús Jónsson var fæddur í Hvammi í Norðurárdal 26. nóvember 1887. Hann var sonur hjónanna Steinunnar Guðrúnar Þorsteinsdóttur húsfreyju og séra Jóns Ólafs Magnússonar. Magnús lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol, frá

Prestaskólanum í Reykjavík 1911. Hann var vígður 1912 til að gegna prestsþjónustu í Garða- og Þingvallasöfnuðum í Norður-Dakota í Bandaríkjunum. Hann var skipaður til að gegna Ísafjarðarprestakalli 1915. Tveimur árum síðar var hann skipaður dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands og síðar prófessor við sömu deild. Hann var forseti guðfræðideildar H.Í um langan tíma. Magnús var alþingisþingmaður Reykvíkinga 1921-1946 og atvinnumálaráðherra nokkra mánuði á árinu 1942. Magnús var stundakennari við Barnaskólann á Ísafirði og Gagnfræðaskóla Reykjavíkur um tíma.

Á Ísafirði átti séra Magnús sæti í skólanevnd og bæjarstjórn um tíma. Hann sat í stjórn Prestafélags Íslands frá upphafi og var formaður félagsins um tíma. Á þingmannsárum sínum sótti Magnús marga fundi erlendis og átti sæti í ýmsum nefndum, ráðum og stjórnunum og má þar nefna Utanríkis-málanefnd og var formaður hennar um tíma, Bankaráð Landsbankans og sem formaður um tíma, Skólaráð Verzunarskóla Íslands, Alþingishátíðarnefnd, Útvarpsráð, Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og stjórn Listvinafélags Íslands.

Eftir Magnús liggja margar bækur, rit og greinar er tengjast guðfræði og málefnum líðandi stundar. Hann ritaði greinar í hin ýmsu tímarit og má þar nefna Kirkjublaðið og Kirkjuritið og var hann ritstjóri þess um tíma. Hann skrifaði Æfisögu Marteins Lúther, Inngangsfræði og Sögu Nýja Testamentisins, Bók um Pál postula og frumkristni um daga hans, rit um Guðmund biskup góða, Sögu kristinnar kirkju, Skýringar á Jóhannesarguðspjalli, rit um Hallgrím Pétursson og gaf jafnframt út úrval af ljóðum hans. Skagfirsk fræði, rit um Alþingi og útvarpið og margar greinar í Árbók Ferðafélagsins.

Magnús hlaut heiðursmerki og viðurkenningar fyrir störf sín og má þar nefna Stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu, heiðursmerki Alþingishátíðarinnar 1930 og heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins 1944. Magnús var kjörinn heiðursdoktor í guðfræði við Háskólann í Tartu í Eistlandi. Var Heiðursfélagi Karlaórs Reykjavíkur og Stjórnmalafélagsins Varðar í Reykjavík.

Séra Magnús gekk í Jóhannesarstúkuna Eddu þann 22. desember 1919. Síðar í Andrésarstúkuna Helgafell. Varð Riddari og Kommandör R&K 22. júlí 1951. Gegndi embætti Æðsta kennimanns ÆKR 1953-1958 og sat í Æðsta Ráði Reglunnar ÆR. Magnús hlaut heiðursmerki Jóhannesarstúkkunnar Eddu.

Séra Magnús andaðist 2. apríl 1958. Eiginkona hans var Ingveldur Benedikta Lárusdóttir húsfreyja. Pau eignuðust fjögur börn.



Séra Þorsteinn Jóhannesson.

Séra Þorsteinn Jóhannesson

Séra Þorsteinn Jóhannesson var fæddur 24. mars 1898 í Ytri-Tungu á Tjörnesi. Hann var sonur hjónanna Þuríðar Þorsteinsdóttur húsfreyju og Jóhannesar Jóhannessonar, bónda og sýsluskrifara. Þorsteinn lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol., frá Háskóla Íslands 1924. Sama ár var hann vígður til að gegna prestsþjónustu í Staðarprestakalli í Steingrímsfirði og fjórum árum síðar í Vatnsfirði. Magnús var skipaður prófastur í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi 1939 og gegndi því embætti til 1955. Jafnframt sinnti Magnús aukþjónustu í Staðarprestakalli, Ísafjarðarprestakalli og Ögursókn um tíma. Á árunum 1955-1961 var hann fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í Reykjavík og starfsmaður Seðlabanka Íslands 1961 til 1969 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.


Þorsteinn var lengi formaður

skólafnefndar Barnaskólans á Reykjanesi og formaður Prestafélags Vestfjarða um tíma. Hann skrifaði greinar, er tengdust guðfræði, bæði í Kirkjuritið og tímaritið Lindin en séra Þorsteinn var ritstjóri þess rits um tíma.

Þorsteinn var heiðursfélagi Prestafélags Íslands.

Séra Þorsteinn gekk í Jóhannesarstúkuna Eddu þann 24. júní 1932. Síðar í Andrésarstúkuna Helgafell. Varð Riddari og Kommandör R&K 21. maí 1958. Gegndi embætti Æðsta kennimanns ÆKR 1958-1982 og sat í Æðsta Ráði Reglunnar. Enginn prestur hefur gegnt embætti Æðsta kennimanns Reglunnar lengur en Þorsteinn. Hann sótti fundi í Reglunni þar til hann var hundrað ára gamall. Séra Þorsteinn fékk heiðursmerki Jóhannesarstúkkunnar Eddu og Njálu.

Séra Þorsteinn andaðist 17. apríl 2001. Eiginkona hans var Laufey Tryggvadóttir húsfreyja. Pau eignuðust fimm börn.



Séra Pétur Sigurgeirsson.

Séra Pétur Sigurgeirsson

Pétur Sigurgeirsson biskup var fæddur 2. júní 1919 á Ísafirði. Hann var sonur hjónanna Guðrúnar Pétursdóttur húsfreyju og séra Sigurgeirs Sigurðssonar, síðar biskup Íslands. Pétur lauk embættisprófi í guðfræði, cand. theol., frá Háskóla Íslands 1944. Lauk mastersgráðu í Sacred Theology frá Mt. Airy Seminary í

Philadelphiu 1945. Nam guðfræði, blaðamennsku og ensku við Stanford háskólann í Californiu seinni hluta árs 1945. Starfaði við ritstjórn Kirkjublaðisins í Reykjavík 1946-1947. Var vígður árið 1947 til að gegna embætti aðstoðarprests hjá séra Friðriki Rafnar, vígslubiskupi á Akureyri. Var skipaður sóknarprestur í Akureyrarprestakalli síðar með aukabjónustu í Grímseyjarprestakalli frá 1953. Var skipaður vígslubiskup í Hólabiskupsdæmi hinu forna 1969. Á árunum 1947-1981 sinnti Pétur jafnframt stundakennslu við Glerárskóla, Gagnfræðaskólann og Menntaskólann á Akureyri. Séra Pétur var skipaður biskup Íslands 1981 og gegndi því embætti til ársins 1989 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Á starfsferli sínum sat séra Pétur mörg þing og fundi erlendis á vegum íslensku kirkjunnar. Auk biskupafunda má þar nefna nokkur þing Lútherska heimssambandsins og aðalfund alkirkjuráðs Norðurlanda í Fredrikstad. Séra Pétur sótti fund páfa í Róm 1972.

Pétur lét víða til sín taka í kirkjulegu starfi og félagsstörfum. Hann var frumkvöðull í æskulýðsstarfi. Var einn af stofnendum Æskulýðssam-

bands kirkjunnar í Hólastifti og var formaður þess um tíma. Stofnaði þar bréfastóla fyrir börn. Hann vann ötullega að uppbyggingu Sumarbúðanna við Vestmannsvatn. Kom á almennum æskulýðsdegi kirkjunnar, 1. sunnudag í mars, ár hvert. Kom því til leiðar á ári aldraðra 1982 að uppstigningardagur, ár hvert, skyldi helgaður málefnum eldri borgara. Sat í Barnaverndarráði Íslands. Var formaður Prestafélags hins forna Hólastiftis um tíma. Pétur sat í kirkjuráði 1970-1989 og var forseti þess frá 1981. Sat á kirkjuþingi 1972-1989 og var forseti þess frá 1981. Hann var forseti Hins íslenska biblíufélags 1981-1989. Gegndi formennsku í lögskipaðri nefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar um sameiginleg málefni þessara stofnana.

Eftir Pétur liggja bækur, sálmar og fjöldi greina er birtust m.a. í Kirkjublaðinu, Kirkjuritinu og Tíðindum Prestafélags hins forna Hólastiftis. Hann hóf útgáfu á Árbók kirkjunnar. Gaf út söngbók fyrir sunnudagaskóla og var ritstjóri Æskulýðsblaðisins um árabíl. Ritaði endurminningar og hugleiðingar Péturs Sigurgeirssonar biskups.

Pétur hlaut heiðursmerki og

viðurkenningar fyrir störf sín bæði hér heima og erlendis. Má þar nefna Stórriddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu, Stk. Hvítu rósarinnar finnsku og Stk. Finnsku ljónsorðunnar. Pétur var Heiðursfélagi Prestafélags Íslands.

Séra Pétur gekk í Jóhannesarstúkuna Eddu þann 18. janúar 1944 og Rún 21.12. 1975. Síðar í Andrésarstúkurnar Helgafell, Huld og Heklu. Varð Riddari og Kommandör R&K 21. mars 1982. Gegndi embætti Æðsta kennimanns ÆKR 1982-1994 og sat í Æðsta Ráði Reglunnar ÆR. Pétur hlaut heiðursmerki Jóhannesarstúkkunnar Rúnar.


Pétur biskup andaðist 4. júní 2010. Eiginkona hans var Sólveig Ásgeirsdóttir, skrifstofumaður og húsfreyja. Þau eignuðust fjögur börn.

Séra Vigfús Þór Árnason

TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegi 68 (gul gata), Kópavogi
www.bifreidaverkstaedi.is

S:587 1350

Minjasafnið

Borgundarhólmsklukkan í forsal St. Andr.stúkunnar

Stóra fallega klukkan í forsal St. Andr.st. hefur verið biluð í langan tíma og undir forystu br. Péturs A. Maack, ásamt heimild til að fara með hana út úr húsinu, tóku þeir br. Björn Ágúst Einarsson smiður m.m. og br. Sigurður Þór Magnússon, úrsmiður, að sér að gera við hana.

Lagfæra þurfti trékassann, skellur og skemmdir á ýmsum stöðum og mála svo yfir allt aftur með sama lit. Þetta tókst allt og Sigurður tók gangverkið, kólfana og pendúlinn, hreinsaði það og samstillti gangverkið.

Klukkan er nú komin aftur á sinn sama stað í Regluheimilinu og bíður eftir að starfið hefjist að nýju.

Engar upplýsingar um tilvist eða hvenær og hvaðan klukkan kom eru til á Minjasafni né í skjalasafni R. Eftirfarandi er frásögn Péturs A. Maack, sem leitaði til Sverris, sonar Sveins Kaaber heitins, sem var minjavörður R. og vitað er að hann talaði oft um þessa klukku.

Borgundarhólmsklukkan og húsgögnin hjá Andrésarstúkunum

Árið 1933 þegar unnið var að stofnun fullkominnar St. Andrésarstúku, Helgafells, var stúkustarfið í St. Jóh.st. Eddu í Natan og Olsens húsinu í risinu, Austurstæti 16, á horninu á Austurstræti og Pósthússtræti. En St. Andrésar fræðslustúkan hafði líka starfað þar frá 1923

Klukkan og húsgögnin, bekkurinn stólarnir og borðið voru í borðstofunni hjá br. R&K Ludvig Emil Kaaber, á Hverfisgötu 28, en hann gaf þessa hluti til Helgafells, þegar verið var undirbúa fullkomna stúku sem var vígð 14. júlí 1934. Flókagata 1 var þá í byggingu en br. Ludvig flutti þangað 1933, með seinni konu sinni Helgu og öllum börnunum.

Þessa klukku keypti br. Ludvig í Borgundarhólmi 1919 en þar bjó hann um hríð með fjölskyldu sinni.



Sigurður Þór Magnússon, Björn Ágúst Einarsson og Pétur A. Maack



Unnið að viðgerð Borgundarhólmsklukkunnar.




Ljósmyndir Pétur A. Maack

Borðstofuhúsgögnin fékk Astrid Thomsen í heimanmund frá foreldrum sínum, þegar hún flutti til Reykja-

víkur og giftist Ludvig 1907. Þau hafa eflaust komið frá Danmörku.

Styrktarauglýsingar



Styrktarauglýsingar



Gillibo ehf
Málningarþjónusta
Gísl Björgvinsson

Sími 821-2026 - Netfang: gillibo61@gmail.com



PLAN teiknistofa

852-7575



Ferningar ehf

REGALO



MEITILL



THG ARKITEKTAR

Stjornublastur ehf.
Fjarðargötu 1, Seyðisfirði
Sími 472 1300

VALITOR

BDO



A Faktoring

Rekstrarfjármögnun fyrir fyrirtæki



www.eskja.is

Álnabær

www.alnabaer.is

regla

Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



Alháða rafslagningar • heimilistæki
Sportvélur • Gjöfvelur • Skólavélur

Hálfarabí 2 • 250 Gandi
Sími 422 7703 • GSM 892 8812 • Síluþópur: raf@centrum.is



Lykill
fjármögnun

STÓLPAVÍK

NY SPRAUTUN
BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

TVEIR SMÍÐAR
Hafnarbraut 7, Hvammstanga

Vörðufell
BYGGINGAVERKTAKAR
vordufell@simnet.is • vordufell.is

ÁSAFL 10 ÁRA
2007-2017



HS ORKA HF
www.hsorka.is

TÆKI.IS

Styrktarauglýsingar

PROMENNT

HÁSANDUR

Birkiási 36, 210 Garðabæ
862 0192



BLUE LAGOON
ICELAND

QUORUM

www.quorum.is



www.stru



-allt úr stáli-

Sími 461 2911 - www.utras.is



www.norlandair.is



Þínar þarfir - okkar þjónusta.

www.holdur.is

Nesey ehf



HLÍÐARKAUP



Grundarstíg 5
Sími 894 7584



Icelandic
Export Center Ltd.
Íslenska útlutningsmiðstöðin hf.

www.iec.is

Hjólbarðapjónusta Magnúsar



Gagnheiði 25
800 Selfossi
S. 482 2151
S. 897 3351
Hs. 482 4151



TOPP ÚTLIT
-merkingar-

skiltagerð - sandblástursfilmur - bilamerkingar



SMIÐJUVÖLLUM 6
AKRANES - Sími 431 3022



KURL
vegsögun ehf
kurlehf@simnet.is



Skjalasafnið

Rauðará – lóð undir Regluheimili

Hlutabréf í vörslu skjalasafns

Í skjalasafni Reglunnar er rúmlega sjö sentimetra hár staffi af hlutabréfum í Rauðará hf. Hvað var þessi Rauðará og hvernig koma þessi hlutabréf Reglunni við?

Áin

Rauðará eða Rauðarárlækur átti upp-tök sín í Norðurmýri, og rann til sjávar í Rauðarárvík, þar sem nú er neðri endi Snorrabrautar. Rauðará hefur verið nokkur farartálmi, því árið 1885 var gerð brú á ána, þar sem Laugavegur og Hverfisgata komu saman. Brúin þótti fremur ómerkileg og var kölluð Hlemmur. Þar af kemur nafnið Hlemmtorg.

Býlið

Jörðin Rauðará var eign Viðeyjarklausturs og síðan konungs eftir siðaskipti. Reykjavíkurbær eignaðist jörðina um 1885. Schierbeck landlæknir tók Rauðará á leigu 1887 og byggði þar gripahús og íbúðarhús úr steini. Seinni ábúendur juku húsa-kost. Búskapur lagðist af á Rauðará upp úr 1940. Þar var síðan starfrækt trésmiðjan Rauðará til 1954.

Hlutafélagið

Í blaðinu „Frjáls verslun“ segir 1. desember 1942:

„Rauðará“, Reykjavík. Sænsk-íslenzka verzlunarfélagið, Reykjavík, rekur iðnað og verzlunarfyrirtæki undir þessu nafni á eigin ábyrgð, en tillög til félagsins eru engin. Stjórn Sænsk-íslenzka verzlunarfélagsins skipa: Egill Thorarensen, M. Kjaran og Björgvin Schram. Prókúruhafi og framkv.stj. er Pétur Ólafsson, Rauðará.

Reglan kaupir Rauðará hf.


Frímúrarareglan á Íslandi hafði keypt verksmiðjuhús við Borgartún 4, gert ýmsar breytingar á húsinu og byggt við það. Húsið var tekið í notkun 1950 og öll frímúrarastarfsemi í Reykjavík flutt þangað frá Austurstræti 16 (Reykjavíkurborg). Þó



Fyrsti maí 1945. Húsin á Rauðará og við Rauðarárstíg 1. Ljósmyndari: Hannes Pálsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



Uppdráttur lóðaskrárritara sem sýnir lóðir Rauðarár hf. Mynd: Skjalasafn Reglunnar.



*Hlutabréf í Rauðará hf.
Mynd: Skjalasafn Reglunnar.*

dags. 16. september 1954. Samninginn undirrituðu Carl Olsen og Tómas Tómasson fyrir hönd hlutafélagsins Rauðarár. Tíu árum seinna, 12. ágúst 1964, var gerður samskonar leigusamningur við annan leigutaka, hlutafélagið Spindil. Eggert Kristjánsson undirritaði þann leigusamning fyrir hönd Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Lóð í Öskjuhlíð

Árið 1964 átti Reglan kost á byggingarlóð „sunnan við Golfskálahæðina“ vestan við Kringlumýrabraut. Næstu árin hölluðust menn að því að byggja þar Regluheimili, en 1968 var fallið frá þeirri hugmynd. Ákveðið var að byggja við Regluheimilið að Borgartúni 4 og nota til þess lóðirnar númer 53 og 55 við Skúlagötu.

Bæjarhúsin rifin – Reglan byggir

Húsin á Rauðará voru rifin þegar bygging nýrri hluta Regluheimilisins hófst.

Halldór Baldursson Skv. R.

með til Frímúrarareglunnar á Íslandi, með réttindum þeim og skyldum, sem því eru samfara.“

Útleiga

Samkvæmt kaupsamningi skyldu kaupendur taka við hinum keyptu fasteignum 14. maí 1954, en ekki var þá tímabært að hefja byggingaframkvæmdir. Húseignin Rauðará ásamt tilheyrandi lóðarréttindum var leigð Landssmiðjunni með samningi

rýmra væri á nýja staðnum, var fyrirsjáanlegt að bráðlega þyrfti stærra húsnæði, byggja nýtt eða byggja við. Á bak við Regluheimilið voru lóðirnar númer 53 og 55 við Skúlagötu.

Með kaupsamningi dags. 6. október 1953 keyptu frímúrararbræðurnir Eggert Kristjánsson, Elías Halldórsson, Tómas Tómasson og J. B. Pétursson öll hlutabréf í Rauðará hf. Eignir félagsins voru fasteignirnar nr. 53 og 55 við Skúlagötu með þar staðsettu verksmiðjuhúsi og íbúðarhúsi ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum. Kaupendurnir fjórir voru allir í Fjárhagsráði Reglunnar. Reglan er hvergi nefnd í kaupsamningnum, en aftan á hvert hlutabréf ritar seljandi:

„Hlutabréf þetta framselst hér

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Bræðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður